allt
Helga Lucia Bergsdóttir:
Draumurinn að verða kennari
• nám • heilsa
Í MIÐJU BLAÐSINS



Ragnhildur Gísladóttir:
Getur ekki verið alls staðar
• gefur stuðmannalífinu frí
SÍÐA 26



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
30. mars 2005 – 84. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

# Nær tvö þúsund manns taldir af

**Þótt engin teljandi flóðbylgja hafi fylgt jarðskjálftanum í Bengalflóa á sunnudaginn er talið að allt að tvö þúsund manns hafi farist. Hjálpargögn eru farin að streyma til Nias-eyju en erfitt er þar um aðdrætti.**

**INDÓNESÍA, AP** Nú er talið að allt að tvö þúsund manns hafi týnt lífi í skjálftanum sem varð undan ströndum Súmötru á sunnudaginn. Engin teljandi flóðbylgja myndaðist í kjölfar skjálftans og því var manntjónið aðeins brot af því sem varð af völdum skjálftans mikla fyrir þremur mánuðum. Viðvörunarbúnaður er þegar farinn að gefa góða raun.

Jarðskjálftinn á sunnudaginn sem átti upptök sín skammt vestur af Súmötru var afar stór, 8,7 stig á Richter-kvarða.

Nias-eyja, sem er nánast ofan á skjálftamiðjunni, virðist hafa orðið verst úti. Fjöldi húsa hrundi til grunna víðs vegar um eyjuna og beið fjöldi fólks þar bana af þeim sökum. Í gær höfðu hjálparstarfsmenn fundið á fjórða hundrað líka í húsarústum. Óstaðfestar fregnir herma að hundrað lík hafi fundist á Simeulue-eyju, sem er skammt frá. Í viðtali við fréttamenn giskaði Jusuf Kalla, varaforseti Indónesíu, á að allt að tvö þúsund manns hefðu týnt lífi. Ekkert er vitað um afdrif íbúa Banyak-eyja sem eru á þessum slóðum en þar búa tíu þúsund manns. Talið er að tveir Svíar hafi dáið í hamförunum en þeir voru á brimbrettum við Nias-eyju.

Hjálparsamtök hafa þegar tekið að senda vistir og lyf til Nias-eyju. Erfitt er þó um aðdrætti því flugvöllur eyjarinnar eyðilagðist í skjálftanum.

Frumútgáfa útbúnaðar sem vara á við flóðbylgjum þótti gefa góða raun í fyrradag enda þótt hann verði ekki að fullu nothæfur fyrr en á næsta ári. Strandhéruð í Taílandi, Indónesíu og á Sri Lanka voru rýmd eftir að búnaðurinn gaf merki um yfirvofandi hættu.

Bush Bandaríkjaforseti bauð Indónesum aðstoð sína og vottaði þeim samúð. Þá hafa ríkisstjórnir Ástralíu og Japans heitið því að vera til reiðu ef Indónesar óska þess.

Sjá síður 10-11



MYND/AP

**EKKI STENDUR STEINN YFIR STEINI** Íbúar Nias-eyju urðu verst úti í skjálftanum en eyjan er nánast beint yfir upptökum hans. Við aðalgötu Gunung Sitoli, stærsta bæjar eyjunnar, hrundi hvert einasta hús. Flugvöllurinn á staðnum eyðilagðist sömuleiðis og því hefur verið örðugt að koma hjálpargögnum til bágstaddra.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður Og Fjarskipta:

# Ekki jafnræði milli fyrirtækja

**SAMKEPPNI** Samkeppnisráð mismunar fjarskipta- og fjölmiðlasamsteypum Og Fjarskipta og Landssímans með ólíkum skilyrðum um dreifingu sjónvarpsefnis, segir Skarphéðinn B. Steinarsson, stjórnarformaður Og Fjarskipta, sem á Og Vodafone og 365 prentog ljósvakamiðla. Fyrirtækið krefst endurskoðunar niðurstöðu samkeppnisráðs vegna samruna Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla annars vegar og Símans og Skjás eins hins vegar.

Skarphéðinn segir að samkeppnisstofnun hafi lagt á það áherslu að hér á landi væri samkeppni í dreifingu. „Við erum tilbúnir að undirgangast það, en þá á jafnt yfir alla að ganga. Landssímanum er heimilt að skilyrða að efni frá fyrirtækinu fari í gegnum dreifikerfi þess. Þetta getum við ekki fellt okkur við.“ Í niðurstöðu samkeppnisráðs segir að Landssíminn geti fram til 1. júlí 2007 sett skilyrði um að áskrifendur áskriftarsjónvarps noti einungis myndlykla frá Íslenska sjónvarpsfélaginu eða Skjá einum.

„Markmið allra var að hér yrði opinn og frjáls markaður með dreifingu á sjónvarpsefni og að fullkomin samkeppni ríkti á því sviði. Þeim sem ættu sjónvarpsefni til dreifingar, eins og við gerum í þessu tilfelli, væri óheimilt að skilyrða tiltekna dreifileið. Með því væri tryggð samkeppni en jafnframt tryggður aðgangur nýrra aðila að markaðinum,“ segir Skarphéðinn.

Ekki náðist í fulltrúa samkeppnisyfirvalda.

- gag

## MIÐVIKUDAGUR

**FLOKKSBRÆÐUR ÓSAMMÁLA UM LEIKSKÓLAGJÖLD**



Félagsmálaráðherra segist hafa viljað sjá Reykjavíkurborg, ásamt öðrum sveitarfélögum, í viðræðum við ríkið um gjaldfrjálsa leikskóla. Flokksbróðir hans, borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson, segir að þá hefði verkefnið tekið áratug. Sjá síðu 2

**RÚMLEGA FERTUGUR LEIGUBÍLSTJÓRI** Danska lögreglan hefur borið kennsl á líkið sem fannst hlutað í sundur í Kaupmannahöfn um helgina. Maðurinn hét Torben Vagn Knudsen og ók leigubíl. Sjá síðu 2

**ATVINNUREKANDI ÁKÆRÐUR** Íslendingur verður í dag ákærður fyrir að hafa ráðið þrjá Pólverja í vinnu til sín án þess að þeir hefðu tilskilin leyfi. Búast má við að dómur falli í dag. Pólverjarnir voru í síðustu viku dæmdir í skilorðsbundið fangelsi. Sjá síðu 4

**ALVARLEGUR AFLEIKUR ÍSLENDINGA** Í pistli sem birtist í Boston Globe í gær segir höfundur að Íslendingar muni fljótlega þreytast á heiðursgesti sínum og finna einhverja ástæðu til að virða framsalssamninginn við Bandaríkjamenn og þar með snúa Bobby Fischer til sinna raunverulegu heimkynna. Sjá síðu 6

**VEÐRIÐ Í DAG**





**KÓLNAR Í KVÖLD** Annars verður rigning með köflum austan til en skúrir vestan til. Hiti 3-8 stig í dag en 0-4 stig í kvöld, svalast vestan til á landinu. Sjá síðu 4

**DAGURINN Í DAG**



**GRANNASLAGUR** Lið Keflavíkur og Grindavíkur mætast í Keflavík í kvöld klukkan 19.15. Þetta er fyrsti leikur lokaúrslita 1. deildar kvenna í körfubolta.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 22 | Myndlist | 22 |
| Tónlist | 22 | Íþróttir | 18 |
| Leikhús | 22 | Sjónvarp | 24 |



**Fjöldi lesenda á miðvikudögum***





*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.



**KÚVENDING**
Akajev aftók í gærmorgun að hann ætlaði að segja af sér. Síðdegis var annað hljóð komið í strokkinn.

Askar Akajev:

# Íhugar að segja af sér

**MOSKVA, AP** Askar Akajev, fyrrverandi forseti Kirgisistan, sagði í samtali við rússneska ríkissjónvarpið í gær að til greina kæmi að hann segði af sér embætti ef honum yrði tryggð einhvers konar friðhelgi. Ummælin eru þvert á fyrri yfirlýsingar Akajevs um að hann muni alls ekki víkja, síðast í gærmorgun.

Þingmenn á kirgíska þinginu sættust í gær á að hið nýkjörna þing tæki við völdum af því gamla en miklar deilur hafa staðið um úrslit þingkosninganna í febrúar. ■

Ríkisstjórnarfundur:

# Ræða Símann

**VIÐSKIPTI** Fyrirhuguð sala Landssíma Íslands verður rædd á ríkisstjórnarfundi í dag. Söluferlið hefur ekki enn verið kynnt en lokaákvörðun um það tekur ráðherranefnd um einkavæðingu.

Búist var við að söluferlið yrði ljóst fyrir páska. Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, tilkynnti þá að örfá atriði væru enn ófrágengin. Hefur ekki komið fram hvaða atriði það eru en Jón sagði í gærkvöldi lokahnykkinn eftir áður en endanleg skýrsla nefndarinnar yrði tilbúin.

Stefnt er að því að búið verði að selja Símann í júní.

- bg

Austurbæjarskóli:

# Stríð gegn þrálátri lús

**LÚS** Foreldrar barna í Austurbæjarskóla hafa verið beðnir um að kemba börnum sínum og staðfesta í bréfi að lúsar hafi verið leitað. Bréfið á að senda með börnunum í skólann í dag og er það aðgöngumiði þeirra að skólanum.

Héðinn Pétursson, aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla, segir að hringt verði í foreldra sem bregðist og börnin send heim í lúsaleit.

„Við tókum þá ákvörðun að nota páskaleyfið okkur til hagsbóta. Við þykjumst vissir um að ef lús var í skólanum myndi hún ekki lifa leyfið af án barnanna,“ segir Héðinn. Hann hafi unnið lengið í skólanum en aldrei séð lúsina eins þráláta og nú.

- gag



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, er Bobby Fischer eitrað peð?*

**„Ég held að Fischer sé ekki eitrað peð. Hann er hins vegar fullur af reiði og jafnvel hatri eftir alla þessa fangelsun og útlegð.“**

Erlendir fjölmiðlar á borð við Washington Post og Boston Globe átelja Íslendinga fyrir að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt vegna ýmissa ummæla hans. Guðmundur G. Þórarinsson var einn þeirra sem höfðu forgöngu um að frelsa Fischer úr prísund sinni í Japan.

Borgarstjóri um skatta af fasteignum ríkisins í borginni:

# Ummælin bera vott um valdníðslu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í Reykjavík segir að hugmyndir sem fram hafi komið um að réttast væri að taka væntanlega skatta af fasteignum ríkisins í borginni og setja í söfnunarsjóð sveitarfélaga bera vott um valdníðslu.

Þessar hugmyndir komu fram í kjölfar þess að forsvarsmenn borgarinnar kynntu áform um gjaldfrjálsan leikskóla.

„Það liggur fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga og það er sérkennilegt að fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins leggi til að ríkið greiði aðeins fjármuni til sveitarfélaga sem séu því þóknanleg. Þetta er bara flokkspólitík og ekkert annað,“ segir Steinunn Valdís.

Hún segir jafnframt að viðbrögð Geirs Haarde fjármálaráðherra vegna þessa máls einkennist aðallega af pirringi yfir frumkvæði borgarinnar og afar sérkennilegt sé að sjálfstæðismenn séu þeir einu sem mótmæli þessum áformum.

„Fjármálaráðherra ætti frekar að fagna þessum kjarabótum sem nema um 20 þúsund krónum á mánuði fyrir hjón með eitt barn í leikskóla,“ segir borgarstjóri.

-sþs

### GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA REYKJAVÍKUR 2005

| |
|---|
| **Sjö klukkustunda vistun** |
| Börn giftra foreldra og sambúðarfólks 25.280 kr. á mánuði |
| 5 ára börn 16.880 kr. á mánuði |
| **Sjö klukkustunda vistun** |
| Börn foreldra þar sem annað foreldrið er í lánshæfu námi 21.780 kr. á mánuði |
| 5 ára börn 14.880 kr. á mánuði |



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR
Borgarstjóri segir sjálfstæðismenn pirraða yfir frumkvæði Reykjavíkurborgar í leikskólamálum.

# Flokksbræður ósammála um leikskólagjöld

**Félagsmálaráðherra segist hafa viljað sjá Reykjavíkurborg fara í viðræður við ríkið með öðrum sveitarfélögum um gjaldfrjálsa leikskóla. Flokksbróðir hans, borgarfulltrúinn Alfreð Þorsteinsson, segir að þá hefði verkefnið tekið áratug.**

**LEIKSKÓLAGJÖLD** „Ég er stuðningsmaður gjaldfrjáls leikskóla. Ég hefði hins vegar viljað að þessi þróun hefði orðið með viðræðum ríkis og sveitarfélaga,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

„Það hefði verið betra ef sveitarfélögin hefðu tekið sig saman og nálgast ríkið með þetta mál. Það hefði verið líklegra til árangurs á landsvísu. Í fyrsta lagi hefði þurft að láta á það reyna hvort sveitarfélögin hefðu getað orðið sammála um þessa stefnu og þá á hve löngum tíma mætti gera leikskólana gjaldfrjálsa. Einnig hefði þurft að ræða með hvers konar greiðsluþátttöku hvors um sig, ríkis og sveitarfélaga, þetta gæti gerst. Ég hefði talið það affarasælast að gera þetta á öllu landinu í einu,“ segir Árni.

„Reykjavíkurborg er að sjálfsögðu með sjálfsforræði og hefur tekið þessa ákvörðun og ég sem þingmaður Reykvíkinga hlýt að fagna henni. Þetta eykur þó pressuna á önnur sveitarfélög, sem auðvitað eru í samkeppni um íbúa. Það er ekkert sérstaklega þægilegt fyrir þau sveitarfélög sem eru með reksturinn algerlega í járnum,“ segir Árni.

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi R-listans, er ekki sammála flokksbróður sínum, Árna Magnússyni. „Því miður er það reynsla Reykjavíkurborgar að ríkisvaldið er á hraða snigilsins þegar um samninga við sveitarfélögin er að ræða,“ segir Alfreð.

„Ef Reykjavíkurborg hefði átt að taka þátt í samningum við ríkið um aðild þess að gjaldfrjálsum leikskóla værum við ekki að tala um að gjaldfrjáls leikskóli kæmi til framkvæmda í Reykjavík á næstu tveimur til þremur árum, eins og nú er fyrirhugað, heldur ef til vill ekki fyrr en eftir tíu ár,“ segir hann.



ALFREÐ ÞORSTEINSSON BORGARFULLTRÚI
„Því miður er það reynsla Reykjavíkurborgar að ríkisvaldið er á hraða snigilsins þegar um samninga við sveitarfélögin er að ræða.“



ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA
„Það hefði verið betra ef sveitarfélögin hefðu tekið sig saman og nálgast ríkið með þetta mál. Það hefði verið líklegra til árangurs á landsvísu.“

„Reykjavík er sjálfstætt sveitarfélag með traustan fjárhag sem oft hefur orðið að brjóta ísinn í nýjungum í þjónustu við íbúa sína. Reykjavíkurborg er ekki að biðja ríkið um neinn fjárstuðning við innleiðingu gjaldfrjáls leikskóla en ég spái því hins vegar að ríkið muni á síðari stigum koma að því verkefni þegar það hefur orðið almenn stefna sveitarfélaganna í landinu að hafa gjaldfrjálsan leikskóla,“ segir Alfreð.

sda@frettabladid.is



RÚSTIR EINAR
Talsverðar skemmdir urðu á munum og vörulager í húsnæðinu sem brann að Smiðjuvegi í fyrrinótt.

Eldsvoði að Smiðjuvegi:

## Talsverðar skemmdir

**ELDSVOÐI** Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning um mikinn eld í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi í fyrrinótt. Logaði þar glatt á neðri hæð iðnaðarhúss að Smiðjuvegi 42 en þar geymdi byggingafyrirtæki vörulager sinn.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn en talsverðar skemmdir urðu á lager og innanstokksmunum öðrum vegna elds, reyks og vatns. Einhverjar skemmdir urðu einnig á efri hæð hússins en unnið er að rannsókn að eldsupptökum. - aöe

Misheppnuð tilraun:

## Skólabörn á sjúkrahús

**DANMÖRK** Leggja þurfti nítján nemendur í grunnskólanum í Brandrup á Jótlandi á sjúkrahús eftir að efnafræðitími endaði með skelfingu í gær. Að sögn Berlingske Tidende áttu nemendurnir að kanna áhrif saltsýru á ýmsa málma en fyrir misgáning tóku þeir saltpéturssýru í staðinn. Þegar saltpéturssýra binst kopar myndast hættulegar eiturgufur sem geta valdið alvarlegu tjóni á öndunarfærum. Því var ákveðið að flytja nemendurna nítján auk kennarans á sjúkrahúsið í Kolding. Enginn var þó talinn í bráðri hættu. ■

Íraska þingið:

## Brigslyrði og barlómur

**BAGDAD, AP** Stjórnlagaþing Íraka kom saman í annað sinn í gær en bragurinn á samkomunni var annar en á fyrsta fundinum. Í stað fögnuðar og vinarþels voru komin hróp, ásakanir og rifrildi.

Margir þingmennirnir eru afar ósáttir við hversu hægt gengur að setja saman ríkisstjórn í landinu og kröfðust þeir upplýsinga um framvinduna.

Styr stóð einnig um skipan þingforseta. Ghazi al-Yawer, forseti bráðabirgðastjórnarinnar, vill heldur verða varaforseti og talsmenn sjía og Kúrda ásökuðu súnnía um að geta ekki komið sér saman um hver taki við embættinu. ■



SORGARTÍMAR
Ungur maður í Red Lake leggur blóm á minnismerki við skólann en frænka hans dó í árásinni.

Morðin í Red Lake:

## Unglingur tekinn fastur

**MINNESOTA, AP** Rannsókn skotárásarinnar í grunnskólanum í Red Lake í Minnesota hefur tekið nýja stefnu eftir að lögreglan handtók Louis Jourdain, son höfðingja Chippewaættbálksins, vegna gruns um aðild að henni. Rúm vika er liðin síðan Jeff Weise skaut níu manns til bana og stytti sér svo aldur.

Ekki hefur verið greint nákvæmlega frá því í hverju aðild Jourdains er fólgin en talið er að hann hafi hjálpað Weise að skipuleggja tilræðið.

Enn er verið að jarðsetja fórnarlömb Weise. Skólinn verður lokaður það sem eftir lifir skólaársins. ■




Kennsl borin á líkið í Kaupmannahöfn:

## 41 árs leigubílstjóri

**DANMÖRK** Danska lögreglan hefur borið kennsl á líkið sem fannst hlutað í sundur í Kaupmannahöfn um helgina. Hann hét Torben Vagn Knudsen og ók leigubíl.



TORBEN VAGN KNUDSEN
Helstu fjölmiðlar Danmerkur birtu í gær mynd af höfði Knudsen að beiðni lögreglunnar.

Um helgina fundu vegfarendur líkamshluta af óþekktum manni, þar á meðal höfuð. Lögreglan gat ekki borið kennsl á höfuðið og því lét hún birta myndir af því í fjölmiðlum og barst fjöldi ábendinga í kjölfarið.

Af tönnum líksins mátti síðan ráða að maðurinn var 41 árs gamall leigubílstjóri frá Kaupmannahöfn, Torben Vagn Knudsen að nafni.

Öve Dahl lögregluforingi sagði í samtali við fjölmiðla í gær að svo virtist sem Knudsen hefði farið á öldurhús eftir að vakt hans lauk og er talið að hann hafi hitt þar banamann sinn. Fjöldi stungusára var á líkinu og segir Dahl að það hafi verið hlutað í sundur með sög. Bifreið Knudsen fannst skammt frá þeim stað þar sem höfuð hans og búkur voru skilin eftir.

Lögreglan mun nú taka til við að ræða við fjölskyldu, vini og vinnufélaga Knudsen. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**AFLÍFA ÞURFTI ÁLFT** Lögreglan á Höfn ók fram á álft síðdegis sem að líkindum flaug á rafmagnslínu. Hún reyndist það illa farin að henni var lógað.

**BÍLVELTA Í LANDEYJUM** Bílvelta varð í Landeyjum í Rangárvallasýslu í gær. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli slapp ökumaður bifreiðarinnar ómeiddur enda í bílbelti.

**ÁREKSTUR VIÐ HLEMM** Tveir bílar lentu í hörðum árekstri á horni Rauðarárstígs og Hverfisgötu um kaffileytið í gær. Engin slys urðu á fólki en flytja varð báða bílana af vettvangi með kranabíl.



Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*
*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 29.3.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,46 | 61,76 |
| Sterlingspund | GBP | 115,17 | 115,73 |
| Evra | EUR | 79,46 | 79,90 |
| Dönsk króna | DKK | 10,67 | 10,73 |
| Norsk króna | NOK | 9,65 | 9,73 |
| Sænsk króna | SEK | 8,70 | 8,75 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,65 | 93,21 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,45 -0,07%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Rannsóknarskýrsla Sameinuðu þjóðanna:

# Enginn hvítþvottur fyrir Annan

**SÞ, AP** Í rannsóknarskýrslu sem birt var í gær um olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna í Írak segir að ekki liggi fyrir nægilegar sannanir fyrir því að Kofi Annan, framkvæmdastjóri SÞ, hafi vitað að svissneskt fyrirtæki sem sonur hans þáði laun hjá sæktist eftir verkefnasamningum í tengslum við áætlunina. Annan er gagnrýndur fyrir að hafa ekki séð til þess að allar upplýsingar varðandi tengsl sonar hans við fyrirtækið væru uppi á borðinu.

Í skýrslunni eru fyrirtækið, Cotecna Inspection S.A., og sonur Annans, Kojo, sökuð um að reyna að leyna tengslunum sem voru á milli þeirra er fyrirtækinu var úthlutað verkefninu.

Niðurstaða skýrslunnar er ekki sá hvítþvottur sem Annan eldri hafði vonast eftir. Hann er ekki sakaður um spillingu eða bein mistök í starfi, en áfellst er að hann skyldi ekki grípa til ráðstafana til að koma skikki á stjórnun olíusöluáætlunarinnar, sem var á hans ábyrgðarsviði. Rannsókn á viðskiptum Kojo Annan í tengslum við hana er ekki lokið.

Kofi Annan sagði í samtali við fréttamenn í gær að ekki kæmi til greina að hann segði af sér. ■



**SKÝRSLA LÖGÐ FRAM**
Paul Volcker, formaður rannsóknarnefndarinnar, kemur af fundi með Kofi Annan í höfuðstöðvum SÞ í New York í gær.

Suðurlandsvegur:

# Hættulegur kafli færður

**VEGAGERÐ** Til stendur að færa Suðurlandsveg þar sem hann liggur um Eldvatnsbotna skammt vestan Hverfisfljóts, um 20 kílómetrum austan við Kirkjubæjarklaustur. Verður vegurinn færður um 80 metra og er þetta gert í öryggisskyni þar sem núverandi vegur fer um hraun í kröppum beygjum og fylgir hæðóttu landslagi. Á þessum vegarkafla hafa orðið alvarleg slys á undanförnum árum en mjög bratt er frá núverandi vegi og niður í djúpar hraungjótur.

Miðað er við að færslu vegarins verði lokið 20. júlí næstkomandi. ■

Terri Schiavo:

# Lík hennar verður krufið

**FLÓRÍDA, AP** Michael Schiavo, eiginmaður Terri Schiavo, segir að þegar kona sín andist muni hann láta kryfja lík hennar til að sýna fram á hversu sködduð á heila hún hafi verið. Foreldrar Terri vilja einnig krufningu en þau halda því fram að heilaskaði dóttur sinnar sé harla lítill.



**BEÐIÐ FYRIR TERRI**
Séra Jesse Jackson vill að Terri Schiavo fái að lifa lengur.

Terri hefur nú verið án matar og vatns í tólf daga.

Mannréttindafrömuðurinn séra Jesse Jackson hefur bæst í hóp þeirra sem vilja framlengja líf Terri en í gær bað hann með foreldrum hennar. Hann segist ætla að kalla þá stjórnmálamenn til ábyrgðar sem höfnuðu beiðnum um að hefja næringargjöf á ný. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DÓMUR FALLINN**
Þrír Pólverjar játuðu að starfa í byggingavinnu hér á landi án tilskilinna leyfa og voru fyrir páska dæmdir í skilorðsbundið fangelsi. Búist er við að íslenskur vinnuveitandi þeirra verði ákærður í dag. Mennirnir á myndinni eru ekki pólskir og snerta ekki efni fréttarinnar að öðru leyti en því að hafa komið hingað til lands til að reisa milliveggi.

# Atvinnurekandi ákærður fyrir ólöglega ráðningu

**Íslendingur verður í dag ákærður fyrir að hafa ráðið þrjá Pólverja í vinnu til sín án þess að þeir hefðu tilskilin leyfi. Búast má við að dómur falli í dag. Pólverjarnir voru í síðustu viku dæmdir í skilorðsbundið fangelsi.**

**DÓMSMÁL** Þrír Pólverjar sem komu hingað til lands sem ferðamenn játuðu fyrir Héraðsdómi Suðurlands að hafa verið í vinnu hjá byggingaverktaka án þess að hafa tilskilin leyfi.

Þeir voru ákærðir fyrir páska fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og í framhaldi af því voru þeir dæmdir í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára. Útlendingastofnun tekur væntanlega ákvörðun á næstunni um hvort vísa eigi mönnunum úr landi eða ekki.

Mennirnir hafa tekið sinn lögbundna 28 daga frest til að taka ákvörðun um hvort þeir áfrýi málinu til Hæstaréttar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður í dag gefin út ákæra á hendur íslenskum vinnuveitanda Pólverjanna fyrir brot á útlendingalögum og má búast við dómi fljótlega, jafnvel síðdegis, nema hann neiti og beri fyrir sig vörnum.

Pólverjarnir voru í vinnu hjá íslenskum verktaka og hafði einn þeirra starfað hér þrisvar sinnum áður, þrjá mánuði í senn. Þeir voru í bíl með öðrum Íslendingi þegar lögreglan stöðvaði bílinn fyrir of hraðan akstur og óskaði eftir að fá að sjá ökuskírteini bílstjórans. Það reyndist útrunnið. Í framhaldi af því kom í ljós að Pólverjarnir voru ólöglega hér í vinnu.

Gissur Pétursson, framkvæmdastjóri Vinnumálastofnunar, segir að beðið sé eftir dómi yfir íslenska atvinnurekandanum því að hann sé meiri gerandi í málinu en Pólverjarnir.

„Það verður fróðlegt að sjá hvernig dómur mun falla því að það er óheimilt eða ólöglegt að stuðla að innflutningi eða fá til sín mann án atvinnuleyfis,“ segir hann.

Gissur kveðst vera ánægður með snarræði lögregluyfirvalda á Selfossi og um allt land upp á síðkastið. Það sýni að stjórnvöld séu að vinna í þessu máli.

Ekki náðist í gær í Hildi Dungal, forstjóra Útlendingastofnunar.

ghs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**NÆR TIL ALLRA**
Ekki greiða allir afnotagjöldin þrátt fyrir að eiga sjónvarp eða útvarp. Um 290 milljónir eru í lögfræðiinnheimtu fyrir Ríkisútvarpið.

Ríkisútvarpið:

# Árangur við innheimtu

**AFNOTAGJÖLD** Um 290 milljónir voru um áramót í innheimtu lögfræðinga vegna ógreiddra afnotagjalda af Ríkisútvarpinu.

Bjarni Pétur Magnússon, deildarstjóri afnotadeildar Ríkisútvarpsins, segir verulegan árangur hafa náðst við innheimtu afnotagjaldanna, því árinu áður hafi milljónirnar verið 316.

Bjarni segir þriðjung þeirra sem gert sé að greiða afnotagjöld fá gíróseðil á þriggja mánaða fresti. Um þrjátíu prósent þeirra séu seinir til greiðslu. Skuld þeirra sé send til lögfræðings standi níu mánuðir ógreiddir. Aðrir greiði gjöldin með boð- eða beingreiðslu.

- gag

Heilbrigðisráðherra:

# Svarar brátt læknum

**HEILBRIGÐISMÁL** Bréf sem tólf læknar við Landspítala - háskólasjúkrahús skrifuðu Jóni Kristjánssyni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, í febrúar þar sem þeir kvarta undan stjórnunarvanda á sjúkrahúsinu er ekki meðhöndlað sem stjórnsýslukæra af hálfu ráðuneytisins.

Ráðherra segir að lögfræðingar ráðuneytisins líti ekki á erindi læknanna sem stjórnsýslukæru, en hann muni engu að síður svara því formlega á næstunni og ekki tjá sig um málið fyrr en að því loknu. ■

## RÚSSLAND

**ÞUNGRA DÓMA KRAFIST** Ríkissaksóknari í Moskvu hefur krafist þess að Platon Lebedev og Mikhail Khodorkovsky, aðaleigendur Yukos-olíufélagsins, verði geymdir á bak við lás og slá í tíu ár hið minnsta en réttarhöld standa nú yfir í máli þeirra. Þeir eru ákærðir fyrir umfangsmikil skatt- og fjársvik.






## Veðrið

**HLÝTT OG KALT FRAM UNDAN**
Það eru í kortunum breytingar á veðri. Í kvöld kólnar nokkuð á landinu, fyrst vestan til. Síðdegis á morgun hlýnar á ný en svo er að sjá að um helgina, einkum á sunnudag, sjái fyrir endann á hlýindunum í bili.

**HELGARVEÐRIÐ**
Breytileg átt og hægt kólnandi á laugardag. Rigning eða slydda syðra en bjart með köflum fyrir norðan. Snýst í norðanátt á sunnudag með éljum norðan til en léttir smám saman til syðra. Frost, einkum norðan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Vaxandi suðaustanátt með strekkingi eða allhvössum vindi sunnan og vestan til.

### Föstudagur




Strekkingur austan til, annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skýjað | París | 15°C léttskýjað | Torrevieja | 23°C alskýjað |
| Osló | 6°C skýjað | Prag | 11°C skýjað | Róm | 17°C skýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skýjað | Amsterdam | 12°C alskýjað | New York | 14°C léttskýjað |
| London | 13°C alskýjað | Varsjá | 7°C skýjað | Miami | 28°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# AEG



NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**

# EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

## AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

**LAVAMAT 76820 ÍSLAND**

• Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: **A+** • Þeytivinduafköst: **A** • Orkuflokkur: **A** • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð

**Kr. 90.000,-**

## AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

**LAVATHERM 57820 ÍSLAND**

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig • Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað • Stórt hurðarop - 33 sm

**Kr. 85.914,-**

## Tilboðsverð á parinu - núna á **159.000,-**

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.



Nánari upplýsingar á
**www.ormsson.is**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á tilboðsverði!

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



## KJÖRKASSINN

*Þarf að skipta um landsliðsþjálfara í fótbolta?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 63,56% |
| Nei | 36,44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarf að fara í átak eftir páskaeggjaát?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Framtíðaruppbygging í Reykjavík:

# Stærsta hverfið í Gufunesi

**REYKJAVÍK** Hátt í 17 þúsund íbúðir verða byggðar í Reykjavík á árunum 2001-2024. Stærstu hverfin verða í landi Úlfarsfells þar sem 2.000 íbúðir verða byggðar, í Gufunesi þar sem 3.000 íbúðir verða byggðar og á þéttingasvæði vestan Elliðaáa.

Byggðin verður í Grafarholti, Úlfarsfelli (Hallar/Hamrahlíð, Úlfarsárdalur, Úlfarsárdalur), Norðlingaholti, Geldinganesi-austur, Gufunesi, Elliðaárvogi I, Elliðaárvogi II, að Keldum (miðsvæði), á þéttingarsvæði austan Elliðaáa og þéttingasvæði austan Elliðaáa, á landfyllingu við Ánanaust, í Vatnsmýri I – Skerjafirði, Vatnsmýri III – Litla Skerjafirði, Vatnsmýri IV, Álfsnesi og í Grundarhverfi. Uppbygging átti sér stað í Grafarholti og í Grundarhverfi á árunum 2001-2004.

Uppbygging á sér stað á næstu árum í landi Úlfarsfells, Elliðaárvogi og Norðlingaholti og Vatnsmýri I – Skerjafirði undir 2008.

Á flestum öðrum svæðum mun uppbygging eiga sér stað frá 2010-2016 eða 2012-2024. Sjá nánar kort.

**- ghs**

**FRAMTÍÐARUPPBYGGING Í REYKJAVÍK**

| Hverfi | Íbúðir | Byggingartími |
|---|---|---|
| Grafarholt | 1.770 | 2001-2004 |
| Úlfarsfell I (Hallar/Hamrahlíð) | 2.000 | 2002-2008 |
| Úlfarsfell II (Úlfarsárdalur) | 2.000 | 2012-2008 |
| Úlfarsfell III (Úlfarsárdalur) | | eftir 2024 |
| Norðlingaholt | 1.000 | 2002-2008 |
| Geldinganes – austur | 200 | 2012-2024 |
| Gufunes | 3.000 | 2006-2012 |
| Elliðaárvogur I | 450 | 2002-2008 |
| Elliðaárvogur II | 500 | 2012-2024 |
| Keldur (miðsvæði) | 400 | 2012-2024 |
| Þéttingasvæði austan Elliðaáa | 570 | 2001-2024 |
| Þéttingasvæði vestan Elliðaáa | 2015 | 2001-2016 |
| Landfylling við Ánanaust | 700 | 2012-2024 |
| Vatnsmýri I – Skerjafjörður | 275 | 2005-2008 |
| Vatnsmýri III – Litli-Skerjafjörður | 300 | 2010-2016 |
| Vatnsmýri IV | 1.400 | 2016-2024 |
| Álfsnes | | Eftir 2024 |
| Grundarhverfi | 220 | 2001-2024 |
| **Samtals** | **16.800** | |

## DÓMSMÁL

**MÆTTI EKKI FYRIR RÉTT** Sú sérstæða staða kom upp í dómssal Héraðsdóms Reykjavíkur að stefnandi, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, sendi engan til dómþings og þar sem ekki var tilkynnt um forföll var málið látið niður falla. Úrskurðaði dómurinn að Slökkviliðið skyldi greiða stefnda, fyrirtækinu Kemi, 30 þúsund krónur í málskostnað.

**ENGIN REFSING FYRIR ÞJÓFNAÐ** Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu að refsa ekki sérstaklega manni sem stal kreditkorti af föður sínum og notaði það til greiðslu tæplega 20 þúsunda króna. Maðurinn hefur tíu sinnum komist í kast við lögin frá árinu 1972 og hlaut síðast dóm í júlí 2004. Kom fram í skýringum dómsins að með tilliti til fyrri dóma og þeirra verðmæta sem í húfi hefðu verið í þetta sinn væri ekki ástæða til sérstakrar refsingar.

Iðnaðarráðherra:

# Ræðir álver á Norðurlandi

**STÓRIÐJA** Íbúum á Norðurlandi gefst í þessari og næstu viku tækifæri til að ræða áform um byggingu álvers í landsfjórðungnum við Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ætlar hún að halda þrjá opna borgarafundi, þann fyrsta á Akureyri á fimmtudagskvöld. Aðrir fundir verða á Húsavík á laugardag og á Sauðárkróki á mánudag í næstu viku.

Sigfús Ingi Sigfússon, starfandi aðstoðarmaður Valgerðar, segir ráðherra ætla að fara yfir möguleika á nýju álveri með heimamönnum, heyra hvaða hugmyndir þeir hafi og hvaða svigrúm sé fyrir þess háttar framkvæmd nyrðra.

**- bg**

# Gleymdir af alþjóðasamfélaginu

**Fimm alþingismenn ferðuðust um Palestínu og Ísrael á dögunum. Þau eru sammála um að vandamálið sé ekki tekið nægilega föstum tökum af alþjóðasamfélaginu og lýsa ástandinu sem óviðunandi.**

**ALÞJÓÐAMÁL** Fimm alþingismenn fóru ásamt fjórum öðrum Íslendingum til Palestínu og Ísraels á dögunum. Í samtali við Fréttablaðið sögðust þingmennirnir hafa orðið fyrir miklum áhrifum í ferðinni. Aðstæður Palestínumanna hefðu verið átakanlegar og gjörólíkar því sem þingmennirnir hefðu gert sér í hugarlund.

Jónína Bjartmarz úr Framsóknarflokki, Guðrún Ögmundsdóttir í Samfylkingunni, Þuríður Backman og Jón Bjarnason, Vinstri grænum, og Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokki, dvöldust í tíu daga fyrir botni Miðjarðarhafs.

„Ástandið var miklu verra en ég bjóst við. Múrinn um Palestínubyggðirnar er átta til tólf metra hár og hefur gífurleg áhrif á líf fólks, hvort sem er efnahagslega eða félagslega," segir Jónína.

Þuríður Backman segir að aðstæður Palestínumanna séu gerðar óbærilegar með alls konar fyrirvaralausum hindrunum sem þjóðin hafi engin tök á að stjórna.

Jón Bjarnason tekur undir þetta: „Verið er að þrengja að Palestínumönnum á palestínsku landi. Ísraelsmenn virðast halda að hægt sé að koma á friði með því að skapa ótta. Báðar þjóðirnar eru haldnar ótta og það mun aldrei nást friður við slíkar aðstæður."

Öll eru þau sammála um að vandamálið sé ekki tekið nægilega föstum tökum af alþjóðasamfélaginu og ástandið sé óviðunandi. „Palestínumenn segja beinlínis að þeir upplifi að alþjóðasamfélagið hafi einfaldlega gleymt þeim," segir Jónína. „Við Íslendingar erum lítil þjóð á hjara veraldar en eigum okkar rödd í samfélagi þjóðanna. Við verðum að beita okkur á þeim vettvangi," segir hún.



MYND/HILMAR HARÐARSON

**ÞINGMENN VIÐ MÚRINN UMDEILDA**
Jónína Bjartmarz segir múrinn um byggðir Palestínumanna hafa mikil efnahagsleg og félagsleg áhrif á líf fólks.

Guðrún Ögmundsdóttir segir að Íslendingar gætu til að mynda einnig lagt Palestínumönnum lið með því að miðla af þekkingu sinni í heilbrigðismálum. „Ég vona að Alþingi sendi frá sér viðbótarályktun um ástandið og mér finnst einnig koma til greina að halda alþjóðlega ráðstefnu til að vekja athygli á vandanum," segir hún. Guðrún segist jafnframt komin á þá skoðun að Sameinuðu þjóðirnar eigi að senda friðargæslusveitir inn í landið.

Magnús Þór Hafsteinsson segir að Ísraelsmenn brjóti gegn mannréttindum Palestínumanna, sem og alþjóðalög. „Þetta minnir mjög óþyrmilega á það hvernig nasistar fóru með gyðinga á sínum tíma og líka hvernig farið var með svarta í Suður-Afríku. Það kemur úr hörðustu átt að gyðingar sérstaklega skuli standa fyrir svona kúgun í dag, og það að verulegum hluta undir verndarvæng vestrænna þjóða."

**sda@frettabladid.is**


**Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2005**

Norðurlandaráð veitir í ár Náttúru- og umhverfisverðlaunin í ellefta sinn. Þau nema 350.000 danskra króna og eru veitt einkareknu eða opinberu fyrirtæki, hópi manna eða einstaklingi sem sýnt hefur sérstaka framtakssemi á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

Þema ársins 2005.

***Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005 skulu veitt einstaklingi, fyrirtæki eða samtökum á Norðurlöndum sem vinna að því að viðhalda, nýta, vekja athygli á eða stjórna landsvæði á Norðurlöndum sem hefur ríkt menningarsögulegt gildi, og stuðla þannig að varðveislu og þróun náttúru- og menningarverðmæta.***

Öllum er heimilt að tilnefna verðlaunahafa. Rökstyðja ber tilnefninguna og láta fylgja lýsingu á viðkomandi verkefni og upplýsingar um hver hefur staðið eða stendur að því. Verkefnið verður að vera vel unnið og skipta máli í víðara samhengi í einu eða fleiri ríkjum Norðurlanda. Tilnefningum skulu gerð skil á mest tveimur blaðsíðum í A4-stærð.

Dómnefnd velur verðlaunahafa en í henni sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm og sjálfsstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tilnefningin skal send á sérstöku eyðublaði sem á að hafa borist skrifstofu Norðurlandaráðs í pósti í síðasta lagi **föstudaginn 29. apríl kl. 12.00.** Eyðublaðið má nálgast á heimasíðu ráðsins, **www.norden.org,** eða á skrifstofu dönsku landsdeildarinnar:

**Nordisk Råd**
Den Danske Delegation
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5958
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk

Fíton/SÍA


Ný dönsk rannsókn:

# Reykingar á meðgöngu skerða greind

**REYKINGAR** Börn mæðra sem reykja á meðgöngu verða á fullorðinsárum ekki eins greind og börn mæðra sem ekki reykja. Þetta er niðurstaða nýrrar danskrar rannsóknar sem greint var frá á fréttavef dagblaðsins Politiken.

Rannsóknin náði til 3.044 danskra karlmanna í herþjónustutíð þeirra. Þeir eru allir fæddir á árunum 1959-1961. Niðurstöðurnar sýna að konur sem reyktu á meðgöngu eignuðust börn sem mældust fullorðin með lægri greindarvísitölu en börn reyklausra mæðra.

Lífefnafræðilegrar skýringar á þessu kann að vera að leita í því að efni sem fer úr tóbaksreyknum í blóð hinnar verðandi móður hafa áhrif á miðtaugakerfið í fóstrinu, með þeim afleiðingum að heilastarfsemi þess þroskast ekki með sama hætti og í fóstrum reyklausra mæðra.

Þessar niðurstöður bætast við nýlega bandaríska rannsókn sem benti til að börn sem verða fyrir óbeinum reykingum, jafnvel aðeins í litlum mæli, fyrstu æviárin standi verr að vígi í lífsbaráttunni en börn sem alast upp á reyklausum heimilum. ■



**REYKINGAR Á MEÐGÖNGU**
Samkvæmt niðurstöðum danskrar rannsóknar verða börn mæðra sem reykja á meðgöngu ekki eins greind og börn reyklausra.



# TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

*Opnaðu nýjar dyr*

## Grafík og hönnun

### Vefsíðugerð I

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Þátttakendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í FrontPage.

Námskeiðið hefst 31. mars og lýkur 15. apríl.
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17:30 – 21:00.
Verð kr. 36.000,- Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð II - Dreamweaver

Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna. Aðaláhersla námskeiðsins er þjálfun í notkun á Dreamweaver forritinu sem er eitt öflugasta og vinsælasta vefsmíðaforritið. Önnur viðfangsefni námskeiðsins er HTML og CSS.
Þetta námskeið hentar einnig vel þeim sem þurfa að sjá um viðhald á vef fyrirtækja eða stofnana. Þátttakendur geta unnið með eigin vef á námskeiðinu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. apríl og lýkur 12. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00.
Verð kr. 39.000,- Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð III – MySQL & ASP

Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 8. apríl og lýkur 26. apríl
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17:30 – 21:00.
Verð kr. 42.000,-

### Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara námi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla.
Kennd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash.

Hefst 6. apríl og lýkur 2. maí.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:30 – 21:00 og laugardaga frá 9:00 – 12:30.
Verð kr. 65.000,- Allt kennsluefni innifalið.

**Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!**

## SÉRFRÆÐINÁMSKEIÐ
## Með alþjóðlegum prófgráðum

Authorized PROMETRIC TESTING CENTER

### A+

**Mjög hagnýtt nám til undirbúnings tveim alþjóðlegum prófum. Nám þetta hentar þeim sem vilja auk alþjóðlegrar vottunar, fá aukinn skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies).**

CompTIA. Security+™ Certified Professional

A+ þekking er góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.
Að loknu námi eiga þátttakendur að vera færir um að standast tvö eftirtalin próf sem veita alþjóðlega vottun:

- **220-301 A+ Hardware Technologies**
- **220-302 A+ Operating Systems**

Námskeiðið hefst 6. apríl og lýkur 14. maí. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:00 og annan hvern laugardag frá 9:00 – 12:30.
Verð kr. 98.000,- án prófa, kr. 126.000,- með tveimur A+ prófum. Þeir sem lokið hafa 18 stunda námskeiðinu í tölvuviðgerðum hjá okkur hafa mjög góðan grunn fyrir þetta námskeið og býðst 25% afsláttur af verði námskeiðs án prófa.

### MCP XP kerfis- og netstjórnun

**Aðalmarkmið þessarar námsbrautar er að gera þátttakendur færa um að setja upp og reka tölvunet í minni og meðalstórum fyrirtækjum.**

Microsoft® CERTIFIED Professional

MCP námið er einnig grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsbrautum Microsoft. Þeir sem ljúka þessu námi og því prófi sem það miðast við (próf 70-270) öðlast alþjóðlega vottun sem „Microsoft Certified Professional"
Ítarlega námslýsingu er að finna á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 18. maí og lýkur 9. júní. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:30 og laugardaga frá 9:00 – 13:00.
Verð kr. 84.000,- án prófs, kr. 98.000,- með einu prófi.

### MCSA

**„Microsoft Certified Systems Administrator" er nám fyrir þá sem vilja öðlast alþjóðlega vottun sem sérfræðingar við umsjón og rekstur Microsoft netkerfa.**

Microsoft® CERTIFIED Systems Administrator

Þetta nám samanstendur af eftirfarandi prófgráðum.

- MCP XP (próf 70-270)
- MCDST (próf 70-271 og 70-272)
- MCP - Server og netkerfi (próf 70-290 og 70-291)

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Kennsla hefst 18. maí. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:30 og laugardaga frá 9:00 – 13:00.
Verð kr. 242.000,- án prófa, kr. 312.000,- með fimm prófum.

*Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

# ...bara á flugfelag.is

**30. mars - 5. apríl**

**Milli Reykjavíkur og**
**AKUREYRAR**
**5.699 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**
**EGILSSTAÐA**
**6.299 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**
**ÍSAFJARÐAR**
**5.699 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**
**VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR**
**7.399 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Milli Reykjavíkur og**
**GRÍMSEYJAR**
**6.399 kr.**
Flug **aðra leiðina.**
**Bara á www.flugfelag.is**
Takmarkað sætaframboð!

**Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.**

**flugfelag.is**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27875 03/2005




Skíðalandsmótið sett á Króknum í kvöld:

# Páskarnir halda áfram

**SKÍÐI** Skíðalandsmót Íslands verður sett á Sauðárkróki í kvöld og stendur keppni frá fimmtudegi til laugardags. Upphaflega átti mótið að fara fram í Oddsskarði en sökum snjóleysis var það flutt í Bláfjöll. Í hlýindunum síðustu daga bráðnaði allur snjór í brekkunum og því afráðið að flytja mótið á Krókinn. Þar ku vera nægur snjór til mótshalds.

Veitingamaðurinn á Kaffi Króki er himinlifandi með þessa ákvörðun forystumanna Skíðasambandsins og fagnar því að fá mótið í fjallið Tindastól en um fimmtán mínútna akstur er þangað úr bænum.

„Þetta er ágætis viðbót og páskarnir halda í raun áfram,“ segir Jón Daníel Jónsson veitingamaður. Eftir fjörlega páskahelgi býst hann við rólegheitum en ætlar að gera allt sem í hans valdi stendur til að bjóða upp á lifandi tónlist á staðnum um helgina. Skíðamönnum þykir enda gott að slappa af á kvöldin yfir kaffisopa eða ölglasi og hlýða á ljúfa tóna.

Steina Finnsdóttir á Hótel Tindastóli segir að síminn hafi ekki stoppað hjá sér í gær, fólk væri á höttunum eftir gistingu. Þegar væri mikið uppbókað hjá sér en einhverjir gætu fengið inni í nokkra daga.



**SKÍÐASVÆÐI SAUÐÁRKRÓKS**
Ákveðið var með skömmum fyrirvara að flytja Skíðalandsmótið í Tindastól við Sauðárkrók.

„Þetta reddast einhvern veginn,“ sagði Steina hress enda Skagfirðingar vanir að leysa þau verkefni sem þeim eru falin. **- bþs**

Boston Globe um Fischer-málið:

# Alvarlegur afleikur Íslendinga

**FISCHER** Enn fjölgar þeim fjölmiðlum sem átelja þá ákvörðun Íslendinga að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt. Um helgina var leiðarahöfundur Washington Post gagnrýninn í garð íslenskra stjórnvalda og í gær birtist í bandaríska dagblaðinu Boston Globe pistill eftir Alex Beam, sem segir að Íslendingar hafi leikið alvarlega af sér með tiltæki sínu.

Beam rifjar upp nokkur ummæli Fischers og segir kaldhæðnislegt að stjórnvöld margra ríkja myndu handtaka hann fyrir slíkt orðbragð en Bandaríkin séu ekki þar á meðal. „Fischer er ekki hetja og hann er ekki ofsóttur flóttamaður. Hann er gráðugur, stjórnsamur, veruleikafirrtur æsingamaður sem mun verða byrði á íslensku þjóðinni um ókomna tíð. Ég hugsa að Íslendingar – eða íslensku gerpin, eins og Fischer kallaði þá á sínum tíma – muni fljótlega þreytast á heiðursgesti sínum og finna einhverja ástæðu til að virða framsalssamninginn við Bandaríkjamenn og þar með snúa Bobby til sinna raunverulegu heimkynna,“ segir Beam í niðurlagi pistilsins.

**- shg**



MYND/AP

**BOBBY FISCHER**
„Íslendingar – eða íslensku gerpin, eins og Fischer kallaði þá á sínum tíma – munu fljótlega þreytast á heiðursgesti sínum,“ segir í Boston Globe.


*Spennandi nám hjá NTV*

# KERFISSTJÓRINN

***Kerfisstjórar** eru **lykilmenn***
*í öllum fyrirtækjum sem hafa **tölvukerfi!***

**Námið er tvískipt og undirbýr nemendur fyrir tvö alþjóðleg próf:**

- **A+ prófið frá Comptia**
- **MCP (Microsoft Certified Professional)**

**Fyrri hluti - Tölvuviðgerðir** (25. apríl - 25. maí)
Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað. Kennslan fer fram í nýrri, fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

**Seinni hluti - MCP – XP netumsjón** (12. sept - 22. okt)
Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

**Kvöld og helgarnámskeið**
Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá 18-22 og laugardaga frá 8:30-12:30.



ntv
Hlíðasmára 9 - Kópavogi

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**


1-9
Ég var látin laus 3. mars.
„Ég veit ekki hvort þetta er tilviljun eða ekki en 3. mars, á afmælisdegi Alexanders Graham Bell manninum sem fann upp símann, losnaði ég loksins undan símafyrirtækinu sem er búið að rukka mig um fáránlegar upphæðir fyrir takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða undanfarna 12 mánuði.
Hive tók á móti mér með Hive Lite og héldum við upp á 158 ára afmæli Grahams Bell.“
Áslaug Þórsdóttir
Kögurseli 4, 109 Reykjavík
GOTT FÓLK McCANN
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging
*Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík og Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur.
Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is
Hive

**FBL GREINING – JARÐSKJÁLFTINN VIÐ SÚMÖTRU**

# Tíu sinnum orkuminni en desemberskjálftinn

**Jarðskjálftinn** sem varð í Indlandshafi úti fyrir ströndu Súmötru á mánudag var 8,7 stig á Richter. Hann var mun vægari en skjálftinn sem varð í Indlandshafi á öðrum degi jóla en sá mældist 9 stig á Richter-kvarða. Samkvæmt sömu reikniaðferð og mældi nýja skjálftann 8,7 stig var desemberskjálftinn 9,3 stig. Kvarðinn er byggður á logra (logaritma) með grunntölunni 10 en það þýðir að tíföldun á mældri sveifluvídd jafngildir hækkun um eitt stig á kvarðanum. Orkumunurinn milli Richter-stiga er síðan um það bil þrjátíufaldur, þannig að skjálfti upp á níu stig er um þrefalt orkumeiri en skjálfti sem mælist 8,7. Skjálfti upp á 9,3 stig er hins vegar tíu sinnum orkumeiri.

**Jarðskjálftanum** í desember fylgdu ógurlegar flóðbylgjur sem skullu á landi í mikilli fjarlægð frá upptökum skjálftans sjálfs. Sjónarvottar lýstu þeim sem veggjum eða múrum sem ruddu sér upp ströndina og langt inn í land. Eirðu þeir engu sem fyrir varð.

**Jarðskjálftinn** nú varð á mun minna dýpi en skjálftinn í desember. Er það helsta ástæða þess að ekki fylgdu miklar flóðbylgjur að þessu sinni. Skjálftarnir urðu á nærliggjandi sprungum í berg- og jarðlögum á hafsbotni en skjálftinn í gær var 200 kílómetrum suðaustan við hinn fyrri.

**Jarðskjálftinn** mældist á jarðskjálftamælum Veðurstofu Íslands og hvað kröftugast á mæli að Gilhaga í Öxarfirði. Líkt og skjálftinn sjálfur voru áhrif hans á íslenskum mælum mun minni en skjálftans í desember.

**Heimild**: Vísindavefurinn og Eðlisfræðisvið Veðurstofunnar.




*Heimild: Alþjóðlega jarðvísindastofnunin (International Institute for Geo-Information Science and Earth Observation)*

GRAFÍK AP






# Minna hafdýpi minnkaði flóðbylgjuna

**Jarðskjálftafræðingar segja skjálftann sem varð í Indlandshafi í fyrradag í eðli sínu af sama tagi og stóra hamfaraskjálftann þremur mánuðum fyrr. Minna hafdýpi yfir upptökunum minnkaði flóðbylgjuna í þetta sinn.**

Fyrstu fréttum svipaði mjög til þeirra sem bárust á annan í jólum, þegar flóðbylgja af völdum jarðskjálfta í Indlandshafi breiddi dauða og eyðileggingu um strandríkin í kring. Jarðskjálftinn sem varð á svipuðum slóðum á mánudag reyndist þó ekki valda neinni viðlíka flóðbylgju, þar sem hann var allnokkru veikari og á minna dýpi. Jarðskjálfti, sem er 8,7 stig á Richter-kvarða er samt það sterkur að hann getur valdið mikilli eyðileggingu í að minnsta kosti 200 km radíus frá skjálftamiðjunni. Verst urðu íbúar Nias-eyju úti, sem er rétt sunnan við upptök skjálftans, undan strönd Súmötru. Þar hrundu um sjö af hverjum tíu húsum og þúsundir manna grófust undir rústum.

Skýringa á því hvers vegna ekki varð vart við mikla flóðbylgju í þetta sinn er að sögn jarðvísindamanna að leita í tvennu; bæði var skjálftinn nú orkuminni en sá fyrri og hann varð undir minna hafdýpi.

„Aðalmunurinn er að það er miklu minna hafdýpi fyrir ofan þennan skjálfta en var fyrir




**Nýr jarðskjálfti skekur Indónesíu**

Jarðskjálfti 8,7 stig á Richterskvarða varð undan ströndum Súmötru á mánudag og olli skelfingu umhverfis Indandshaf. Í gær leit út fyrir að minnst 1.000 manns hefðu týnt lífi.

GRAFÍK AP


# Þú tekur flugið

www.flybus.is

## Sumaráætlun 2005 / Departures summer 2005

Gildir frá 27. mars til 30. október 2005 / Valid from March 27 till October 30, 2005

| Sunnudagur Sunday | Mánudagur Monday | Þriðjudagur Tuesday | Miðvikudagur Wednesday | Fimmtudagur Thursday | Föstudagur Friday | Laugardagur Saturday |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 |
| 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 |
| 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 |
| 11:15 | 11:15 | 11:15 | 11:15 | 11:15 | 11:15 | - - - |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |
| 20:30 1) | 20:30 1) | 20:30 1) | 20:30 1) | 20:30 1) | 20:30 1) | 20:30 1) |

Gildir: 1) júní, júlí og ágúst – Kynnisferðir áskilja sér rétt til að breyta áætlun án fyrirvara ef breytingar verða á flugi.
Valid: 1) June, July and August – Reykjavík Excursions reserve the right to alter timetable without prior notice, if flight schedule changes.

flugrútan • flybus



Upphafs- og endastöð allra ferða er Umferðarmiðstöðin BSÍ.
All buses depart and end at BSI Bus Terminal.

Ferðir frá Mjódd til Keflavíkur daglega kl. 5:20.
From Mjódd Terminal to Keflavík: Morning departure at 5:20 daily

- Verð 1.150 kr. aðra leiðina
- Ókeypis fyrir börn að 11 ára aldri
- 50% afsláttur fyrir unglinga, 12–15 ára
- Aukaferðir fyrir leiguflug sem ekki fellur að áætlun

- Price 1.150 ISK one way
- Children 0–11 years free of charge
- 50% discount for youths 12–15 years

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

www.re.is • sími 562 1011 • textavarp bls. 455 og 456

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KYN 27871 03/2005

Hjálparstarf á jarðskjálftasvæðunum:

# Samgöngur á Nias helsta vandamálið

Rauði krossinn brást strax við neyðinni sem skapaðist eftir jarðskjálftann úti fyrir Súmötru síðdegis á mánudag. Á eyjunni Nias, þar sem ástandið er verst, er sérþjálfuð neyðarsveit indónesíska Rauða krossins og hefur henni bæst liðsauki frá Súmötru og höfuðborginni Jakarta.

Að sögn Þóris Guðmundssonar, sviðstjóra útbreiðslusviðs Rauða kross Íslands, eru nægar birgðir matar og annarra hjálpargagna á Súmötru og jafnvel á eyjunum sem verst urðu úti. Var þeim komið upp eftir stóra skjálftann og flóðbylgjuna á öðrum degi jóla. „Rauði krossinn var nýbúinn að flytja matarbirgðir fyrir 60.000 manns til þriggja mánaða, þannig að það er ekki vandamál að nálgast hjálpargögn og mat. Nú er aðaláherslan lögð á að finna fólk í rústunum og koma því á spítala og svo auðvitað að grafa upp lík.“

Samgöngur til Nias og annarra eyja ganga vel en aðra sögu er að segja af samgöngum innan eyjanna. „Samgöngur þar eru mjög erfiðar. Eyjan er 5.600 ferkílómetrar og á henni eru um 650 lítil þorp. Lítill hluti þeirra er í vegasambandi og menn reyna nú að komast í samband við þorpin til að ganga úr skugga um hver skaðinn er í rauninni.“

Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins í Banda Aceh á Indónesíu, tekur undir orð Þóris. „Ég býst ekki við að það þurfi mannskap eða frekari hjálpargögn að utan eftir þennan skjálfta. Þarna er nóg af slíku en hins vegar er erfitt að komast á leiðarenda.“ ■



**NÆGAR BIRGÐIR TIL** Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri útbreiðslusviðs Rauða kross Íslands segir erfiðar samgöngur helst hamla hjálparstarfi .

MYND/AP



**VEGIR ILLA FARNIR** Hér sést dæmi um þær skemmdir sem urðu á vegum og öðrum mannvirkum á eynni Nias í jarðskjálftanum á mánudag.

ofan þann sem varð á annan í jólum. Það skiptir meginmáli hvað varðar myndun flóðbylgju,“ segir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur. „Þessi skjálfti varð á milli tveggja eyja, þar sem er frekar grunnt, í samanburði við þann fyrri. Til þess að mikil flóðbylgja náist upp þarf hafdýpið fyrir ofan brotalínu skjálftans að vera mikið. Þar sem er djúpt hreyfist miklu meiri massi sjávar en þar sem grunnt er.“

Ragnar segir að jarðhræringarnar í nýja skjálftanum hafi verið í eðli sínu svipaðir og í stóra hamfaraskjálftanum 26. desember. Þær urðu á samgengi, þar sem einn jarðskorpufleki gengur undir annan. Munurinn felst fyrst og fremst í styrkleikastigi og staðsetningu, það er að nýi skjálftinn varð undir minna hafdýpi. Að sögn Ragnars hefur vafalaust gengið sjór á land næst skjálftamiðjunni, þótt ekkert hafi orðið vart við flóðbylgju fjær. Skjálftar af þessari gerð og styrkleika geti vel valdið mikilli flóðbylgju, en til þess þyrfti hann að verða á meira hafdýpi en raunin var með skjálftann á mánudag.

Brotalínan í nýja skjálftanum var um 200-500 km að lengd, en í jólaskjálftanum var hún sennilega á bilinu 1.000-1.300 km löng. Lóðrétta misgengið var aðeins nokkrir metrar nú, en var á annan tug metra í fyrri skjálftanum.

Láta mun nærri að tíu sinnum meiri orka hafi leystst úr læðingi í skjálftanum annan í jólum en nú á mánudaginn.

**audunn@frettabladid.is**

## Mannskæðir jarðskjálftar

Jarðskjálftar eru meðal mannskæðustu náttúruhamfara sem verða á jörðinni. Síðan árið 1900 hefur orðið fjöldi öflugra jarðskjálfta og hundruð þúsunda manna látist. Þrír af fjórum mannskæðustu skjálftunum urðu í Kína.




| ÁR | STAÐUR | RICHTER | LÁTNIR |
|---|---|---|---|
| 2004 | Indónesía | 9,0 | 270.000 |
| 1976 | Tangshan, Kína | 7,5 | 255.000 |
| 1920 | Gansu, Kína | 8,6 | 200.000 |
| 1927 | Tsinghai, Kína | 7,9 | 200.000 |
| 1923 | Kanto, Japan | 7,9 | 143.000 |
| 1948 | Túrkmenistan | 7,3 | 110.000 |
| 1908 | Messina, Ítalía | 7,2 | 70.000* |
| 1932 | Gansu, Kína | 7,6 | 70.000 |
| 1970 | Perú | 7,9 | 66.000 |
| 1990 | Íran | 7,7 | 40.000* |

*að minnsta kosti

HEIMILD: U.S. Geological Survey



úr kassanum

á 2.180.000 kr.

Í nýrri kynslóð A Class mætast klassísk gildi Mercedes-Benz og verð sem þú hefur ekki séð áður. Nýr A Class kostar aðeins frá 2.180.000 kr. eða 26.790 kr. á mánuði*. A Class er ekki einungis stærri og rúmbetri en fyrirrennari hans heldur mýkri og rennilegri. Auk þess er hann hlaðinn búnaði, s.s. upphituðum rúðusprautum, fjölrofa stýrishjóli, stefnuljósum í rafstýrðum og hituðum hliðarspeglum, ASR spólvörn, ESP stöðugleikastýringu o.fl. o.fl.

**Komdu og reynsluaktu nýjum A Class.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

*Miðað við 20% innborgun og bílasamning til 84 mánaða. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.



**NEW YORK.** Sumir borga miklu meira fyrir utanlandsferðir en aðrir, jafnvel þótt fargjaldið og hótelgistingin kosti jafn mikið.

# Borgar þú fyrir viku í New York en færð bara helgi í Kaupmannahöfn?

## Það er munar svo miklu að eiga fyrir hlutunum og sleppa við að taka lán

**FERÐALÖG** Þótt mönnum finnist fyrirsögnin hér að ofan vera ögn öfgafullt dæmi þá er raunin sú að sumir sem fara í utanlandsferðir borga miklu meira fyrir þær en aðrir, jafnvel þó að fargjaldið og hótelgistingin kosti jafn mikið. Það er fólkið sem borgar eftir á sem lendir í því að borga meira. Ástæðan er sú að það munar gríðarlega háum fjárhæðum ef maður á ekki fyrir ferðinni og þarf því að taka lán til að mæta þessum kostnaði.

Skoðum dæmi: Við gerum ráð fyrir því að góð helgi fyrir hjón í höfuðborg Dana kosti 200.000 krónur. Ef hjónin dreifa þessum kostnaði með 17% nafnvöxtun á næstu fjögur ár nemur heildar kostnaður um 284.000 krónur. Það er aldrei að vita nema þau hefðu komist til New York fyrir þá upphæð?

Einnig er athyglisvert að hjónin þurfa að borga sem nemur rúmlega 6.100 krónur á mánuði í 48 mánuði til að gera upp ferðina. Ef þau hefðu hins vegar safnað sér fyrir ferðinni í jafn langan tíma áður en þau fóru hefðu hjónin aðeins þurft að leggja fyrir um 3.512 krónur á mánuði m.v. 8,5% ávöxtun. Munurinn verður enn meira sláandi þegar dýrari ferðir eru annars vegar.

Milljón króna sólarlandaferð fyrir alla fjölskylduna getur kostað allt að 1.385 þúsund krónur ef kostnaðinum er dreift á 4 ár. Með dálítilli fyrirhyggju gæti fjölskyldan því sparað 385.000 krónur; fjárhæð sem dugar næstum fyrir tveimur helgarferðum til Kaupmannahafnar.

Reglubundinn sparnaður er nefnilega ekki aðeins mikilvægur til að mæta óvæntum áföllum heldur skiptir hann líka máli í alls konar hlutum sem við eigum von á og koma okkur alls ekkert á óvart. Við vitum alveg að okkur langar í sumarfrí og því ekki að safna fyrir því? Er ekki trúlofun kjörið tilefni til að byrja að spara fyrir brúðkaupsveislunni og fermingarveislan væri alveg ótrúlega ódýr ef foreldrarnir myndu safna fyrir henni frá fæðingu barnsins og svo mætti lengi telja. Setjum okkur skemmtileg markmið. Látum ekki fyrirsjáanleg útgjöld koma okkur á óvart!

# Sparibréf Landsbankans

## tóku við af Spariskírteinum ríkissjóðs

**SPARNAÐUR** 10. APRÍL er næsti innlausnardagur spariskírteina ríkissjóðs. Af því tilefni efnir Landsbankinn til sparnaðarátaks og hvetur eigendur spariskírteina til að halda áfram að spara. Bankinn býður ýmsar leiðir til sparnaðar og ráðleggur fólki að láta peningana halda áfram að vinna fyrir sig.

Í tilkynningu frá bankanum segir að Sparibréf Landsbankans séu rökrétt framhald sparnaðar í spariskírteinum ríkissjóðs. Sparibréfin eru í eðli sínu mjög svipuð spariskírteinunum að því leyti að þau eru ríkistryggð og bera því jafna en örugga ávöxtun.

Sparibréf Landsbankans eru stærsti áskriftarsjóður landsins, með rúmlega 11 þúsund eigendur og um 7.000 áskrifendur og hef- ur sjó- urin ná- fra m ú

skarandi ávöxtun fyrir eigendur sína og veitt eignarskattsfríðindi allt frá stofnun í byrjun ársins 2001. Hægt er að fjárfesta sjóðnum bæði í áskrift og með einstökum kaupum á bréf- um



**LANDSBANKINN.** 10. apríl n.k. er næsti innlausnardagur spariskírteina ríkissjóðs.



# Fermingarbörn eyði í sparnað

## Landsbankinn veitir fræðslu og mótframlag

**FERMINGAR** Fátt er ungu fólki jafn hollt og fjármálaráðgjöf. Landsbankinn hvetur alla sem fermast til að eyða hluta af fermingarpeningunum í sparnað og býður upp á ráðgjöf í þeim efnum. Bankinn hvetur fermingarbörnin og forráðamenn þeirra til að panta tíma í ráðgjöf á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Þau fermingarbörn sem þiggja boð um fræðslu fá í kjölfarið 2.000 kr. mótframlag í formi inneignar á Framtíðargrunni frá Landsbankanum.

# Hafa tekjuháir ekki efni á því að spara?

## Ný könnun sýnir að flestir gætu sparað meira en þeir gera

**FJÖLSKYLDUTEKJUR** Næstum helmingur fólks, sem er með hærri fjölskyldutekjur en 550 þúsund krónur á mánuði, leggur ekkert fyrir í reglubundinn sparnað og 17% þeirra eiga ekki krónu í varasjóði til að mæta óvæntum útgjöldum. Niðurstöður nýjustu neyslukönnunar Gallups sýna ennfremur að tekjur virðast ekki skipta öllu máli varðandi sparnað því þriðjungur þeirra sem eru með fjölskyldutekjur undir 250 þúsundum á mánuði sparar reglulega á meðan 44% þeirra sem eru með tekjur yfir 550 þúsundum á mánuði telja sig ekki hafa efni á því að spara. 31% fólks á ekki krónu í sparifé en hins vegar hafa rúm 19% þeirra sem eru með 250 þúsund eða minna í fjölskyldutekjur á mánuði safnað sér varasjóði sem nemur einni milljón króna eða meira.

Lengd menntunar og fjöldi þeirra sem leggja reglulega fyrir virðast haldast í hendur. Þannig spara 38% þeirra sem eru með grunnskólapróf, 48% þeirra sem eru með framhaldsskólamenntun og 50% þeirra sem hafa lokið háskólaprófi. Sú niðurstaða, að með hækkandi tekjum fjölgi hlutfallslega þeim sem spara reglulega, kemur kannski ekki á óvart, heldur frekar sú staðreynd að 47% aðspurðra telja sig geta sparað reglulega, en aðeins 43,8% spara í raun reglulega. Það vekur upp spurningar um hvað hin rúmlega 56% sem ekki spara geta gert til að bregðast við fjárhagslegum áföllum eða öðrum útgjöldum, s.s. fjölskyldufríi, nýjum sófa, bíl o.s.frv.

Landsbankinn telur að fleiri geti sparað reglulega. „Auðvitað verður fólk að sníða sér stakk eftir vexti, en við erum þess fullviss að ráðgjafar okkar geti hjálpað næstum öllum að spara. Orðatiltækið „margt smátt gerir eitt stórt“ á við í þessu sem og svo mörgu öðru.“

## Hugmyndir Davids Bachs fara sigurför um heiminn

# Byrjaðu á að borga sjálfum þér




David Bach er bandarískur sérfræðingur í fjárfestingum sem hefur skrifað fjölda bóka og haldið fyrirlestra um hvernig allir geta orðið efnaðir – óháð því hvað þeir eru með í laun. Samkvæmt kenningum Davids Bachs er grundvöllur þess að safna auði einfaldlega að borga sjálfum sér fyrst. Um hver mánaðamót (sé gengið út frá því að laun séu greidd um mánaðamót) ætti hv … er og … einn … að … bo … rg … a

sjáfum sér vissa upphæð eða prósentu af laununum, áður en nokkuð annað er gert við þau. Eins segir hann gott að hugsa sér að leggja fyrir laun einnar klukkustundar á dag, það sé ekki til of mikils ætlast að af 8 stunda vinnudegi vinni menn eina klukkustund fyrir sig sjálfa. Margir ætla sér að spara afganginn af laununum, en eins og flestir kannast við þá er sjaldan, ef nokkru sinni, afgangur. Þess vegna er nauðsynlegt að borga sjálfum sér fyrst, því að í raun skiptir ekki öllu máli hvaða upphæð menn hafa til ráðstöfunar, það er einfaldlega í eðli okkar að eyða því sem við höfum, 10-20% til eða frá skipta ekki meginmáli.

Til þess að hafa sparnaðinn eins sársaukalausan og mögulegt er þarf hann að eiga sér stað sjálfkrafa en ekki með fyrirhöfn. Með einu símtali við þjónustufulltrúa í bankanum getur sparnaðurinn orðið sjálfvirkur, annars er hættta á því að menn gleymi því viljandi að leggja fyrir í einstök skipti. Hver og einn ákveður sjálfur hversu mikið hann vill spara og hversu ört og ef svo ber undir er hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn þegar við á.

### Láttu peningana vinna fyrir þig

En það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig. David Bach er ákafur talsmaður öflugs lífeyrissparnaðar og hvetur fólk til þess að spara eins mikið í lífeyrissjóðum og hægt er. Einnig telur hann nauðsynlegt að eiga annan sjóð en lífeyri, t.d. fyrir húsnæði, bíl, skólagöngu, óvæntum áföllum o.s.frv. Þess vegna er skynsamlegt að fjárfesta með sparnaðinum. Í raun er erfitt að segja hvaða fjárfestingarleið er best, það er alltaf eftir tilgangi sparnaðarins og því til hve langs tíma er sparað. Markmið í sparnaði stuðla að aga og kemur betra skipulagi og jafnvægi á fjármálin. Í sparnaði sem og öðru er alltaf ráðlegt að leita til fagmanna og fá þeirra hjálp við að mæta markmiðunum.

### Aðeins tæplega helmingur landsmanna sparar reglulega

Samkvæmt nýlegri Gallup könnun kemur fram að aðeins tæpur helmingur landsmanna sparar reglulega. Hinir telja sig ekki hafa efni á því. David Bach leggur áherslu á að allir geti sparað og að margt smátt geri eitt stórt. Það er því þannig að þó svo að einhver telji sig ekki geta lagt fyrir nema 5.000 kr. á mánuði, þá er það meira en nóg til að byrja með. Alltaf er hægt að bæta við. Til þess að finna út hversu háa upphæð á að byrja að leggja fyrir er gott að skrifa niður alla daglega eyðslu yfir vikutíma eða svo. Þegar það er gert er auðvelt að koma auga á óþarfa eyðslu sem mætti frekar nýta í sparnað. Sem dæmi má nefna það að fara í bakarí á hverjum degi og kaupa sér í rúnstykki og kaffi, eða út í sjoppu og kaupa samloku og gos. Þetta eru ekki háar upphæðir í einu, en 400-800 kr. á dag gera 8.800-17.600 kr. á mánuði sem væri hægt að eyða í sparnað. Segjum sem svo að 10.000 kr. færu í sparnað á mánuði, myndi það samsvara 747.329 kr. eftir 5 ár á 9% vöxtum – og það munar um minna.

Það er því ljóst að þeir sem vilja alltaf eiga pening og áhyggjulaust ævikvöld ættu að líta til kenninga Davids Bachs og borga sjálfum sér fyrst.

**FJÁRFESTINGAR.** Það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Færeyingar munu í framtíðinni taka þátt í öllum alþjóðasamningum sem varða eyjarnar.

## Utanríkis- og varnarmál Færeyinga

Grænlendingar og Færeyingar hafa löngum barist fyrir því að hafa meiri áhrif á utanríkismál sín, en gengið hægt. Fram til þessa hafa Danir annast utanríkismál þjóðanna, svo sem samningagerð við önnur ríki. Er þar skemmst að minnast samninga sem gerðir voru um Thule-stöðina síðasta sumar. Það var með síðustu embættisverkum Colins Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að ganga frá þeim samningi við Grænlendinga og Dani. Það þótti mikil viðurkenning í garð Grænlendinga að bandaríski utanríkisráðherrann skyldi koma til Grænlands ásamt föruneyti til að undirrita samkomulagið á heimaslóðum formanns grænlensku landstjórnarinnar.

**Einhver kynni að segja að þetta væri svo sjálfsagt mál að það þyrfti ekki einu sinni að ræða það, og það mætti líkja því við nýlendustefnu hvernig að þessum málum hefði verið staðið.**

Í gær var líka stigið ákveðið skref varðandi utanríkis- og varnarmál Færeyinga, en þá skrifuðu Per Stig Möller, utanríkisráðherra Dana, og Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, undir samkomulag sem á að tryggja þeim meiri áhrif í þessum málum. Með þessu samkomulagi á að tryggja að Færeyingar taki þátt í öllum alþjóðlegum samningum þar sem Færeyjar koma við sögu. Einhver kynni að segja að þetta væri svo sjálfsagt mál að það þyrftii ekki einu sinni að ræða það, og það mætti líkja því við nýlendustefnu hvernig að þessum málum hefði verið staðið. Þá ber að hafa í huga að Færeyingar hafa ekki enn fengið fullt sjálfstæði, og þeir sem nú fara með völdin í Færeyjum telja þetta skref í sjálfstæðisátt.

Þegar Jóhannes Eidesgaard hélt stefnuræðu sína á Ólafsvökunni í Þórshöfn í fyrra var ljóst að Færeyingar myndu ekki fá fullveldi í bráð. Fyrir réttu ári var gert samkomulag milli færeysku landstjórnarinnar og dönsku stjórnarinnar um ákveðna áfanga á fullveldisbraut, og samningurinn sem undirritaður var í Suðurey í gær er hluti af því samkomulagi. Stjórnarandstæðingar í Færeyjum hafa gagnrýnt þetta samkomulag harðlega og segja að ferlið í átt til fullveldis sem hófst fyrir sjö árum hafi verið stöðvað.

Íslendingar hafa stutt við bakið á Færeyingum í baráttu þeirra fyrir fullveldi í orði og á borði. Við höfum miðlað þeim af reynslu okkar varðandi lýðveldisstofnunina, en það eru að sjálfsögðu Færeyingar sjálfir sem verða að taka lokaákvörðun í þessum málum. Skoðanir um fullveldi hafa löngum verið skiptar í Færeyjum og líklega eru Færeyingar mun tengdari Dönum en við vorum á sínum tíma. Tungumálið á sjálfsagt sinn þátt í því. Við Íslendingar höfum heldur ekki staðið okkur nógu vel í því að rækta samstarfið við Færeyinga, þótt þeir hafi sótt til okkar margs konar þekkingu og reynslu. Þeir nota sem dæmi íslensku orðin útvarp og sjónvarp yfir ljósvakamiðla sína og einstaka önnur orð hafa einnig ratað inn í færeyskuna úr íslensku.

Það er talandi dæmi um hið nána samband við Dani að næsta sumar verður áætlunarflug allt að fimm sinnum á dag milli Færeyja og Danmerkur, en hingað til lands hefur yfirleitt aðeins verið flogið nokkrum sinnum í viku milli landanna. Siglingar Norrænu hafa haft mikla þýðingu fyrir sambandið milli Íslands og Færeyja og sér þess einkum stað þegar ferðast er um Austurland. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áfangasigur

Stuðmannatónleikarnir í London á skírdag voru glæsileg birtingarmynd hinnar umtöluðu útrásar íslenskra víkinga. Þrjú þúsund manns komu og skemmtu sér konunglega í tíu þúsund manna samkomusal Royal Albert Hall, þar á meðal allt fræga, fína og ríka fólkið á Íslandi sem var svo heppið að fá boðsmiða og getur því ávaxtað peningana sína eitthvað lengur. Auðvitað hefði verið gaman ef fleiri en fimm Bretar hefðu látið sjá sig (eða voru þeir sex?), sérstaklega þar sem Stuðmenn voru líka með stuðprógramm á heimsmálinu. En þetta var að minnsta kosti áfangasigur; íslenskir listamenn eru búnir að slá í gegn í flottasta tónleikasal Evrópu.



### Leiðari aldarinnar

Það er við hæfi að hljómleikar aldarinnar verði tilefni leiðara aldarinnar. Og það í blaði aldarinnar. DV birtir í gær frétt um það að íslenskur starfsmaður útrásarfyrirtækis í London hafi neitað að láta mynda sig fyrir utan tónleikahöllina og orðið svo reiður þegar ljósmyndarinn virti þá ósk að vettugi að hann eyðilagði vélina. Í leiðara blaðsins er atvikið nánar skýrt. Nýríkir Íslendingar búsettir í London, „litlir kallar sem halda að þeir séu stórir" eins og það er orðað, berist óeðlilega á. Hafi nýrík íslensk fjölskylda mætt á tónleikana „á Rolls Royce með svartan einkabílstjóra".

Ekki nægði þessi tvöfalda ögrun við alþýðufólk frá Íslandi heldur beit fjölskyldan höfuðið af skömminni með því að vera „ofan í kaupið öll klædd í bleikt".

### Aðhlátursefni

Svona fólk, sem ekur um í eðalvagni, með svartan bílstjóra, klæðist bleikum fötum og vill ekki leyfa DV að mynda sig, er „aðhlátursefni venjulegra Íslendinga" segir í leiðara aldarinnar í DV. Auðvitað er þetta á engan hátt sambærilegt við þann íslenska unglingasið að leigja um helgar limmu með einkennisklæddum bílstjóra og rúnta um stórborgina Reykjavík með bjór og vodka í plastbrúsum. Þar eru á ferð „venjulegir Íslendingar" sem kunna sig. Og leyfa jafnvel DV að mynda sig.

gm@frettabladid.is

# Hamingja og pólitísk markmið

Er hamingja mælanlegt fyrirbæri eða einstaklingsbundin reynsla? Breskur hagfræðingur, Richard Layard, hefur að undanförnu vakið talsverða athygli í Bretlandi og víðar í Evrópu með skrifum um þetta efni. Layard heldur því fram að rannsóknir á starfsemi heilans hafi gert mönnum kleift að sannreyna niðurstöður mikils fjölda athugana sem gerðar hafa verið á mati fólks á hamingju en í öllum þessum könnunum koma svipaðir hlutir fram. Eitt af því er að fjölskyldulíf og einkalíf skiptir mestu fyrir hamingju fólks en áhersla samtímans á samkeppni, neyslu og auðsöfnun gengur þvert á þessa staðreynd að sögn Layards. Hann bendir á að peningar geti aukið hamingju manna að því marki að tiltölulega einföldum þörfum sé fullnægt en umfram það hafu aukin peningaráð engin varanleg áhrif á hamingju fólks. Lífsgæðakapphlaup samtímans, segir hann, dregur beinlínis úr hamingju með því að beina kröftum fólks frá því sem eykur hamingju og að hlutum sem ekki veita neina viðvarandi ánægju.

Ættu stjórnmálamenn þá að nota hamingju sem mælikvarða þegar stefna er mörkuð? Frjálshyggjumenn hljóta að svara því neitandi og benda á að það sé ekki í verkahring ríkisins að að auka hamingju fólks, heldur aðeins að tryggja því frelsi og öryggi, hamingja sé einkamál. Layard segir hins vegar að áhersla samtímans á einstaklingshyggju valdi óhamingju og að með pólitískum leiðum megi auka verulega á hamingju í samfélaginu. Þetta eigi að vera markmið í stjórnmálum.

Sumar af hugmyndum Layards eru einfaldar. Hann bendir til dæmis á að þunglyndi og geðsjúkdómar valdi mun meiri óhamingju á Vesturlöndum en fátækt, og að mjög megi draga úr þessum kvillum með meira fé til heilsugæslu. Þá bendir hann á að mesta uppspretta hamingju sé fjölskyldulíf en þó sé margt í skipulagi nútímasamfélaga og fyrirtækja óþarflega fjandsamlegt fjölskyldulífi.



Í DAG
HAMINGJA OG STJÓRNMÁL

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

**Maðurinn brá líka upp ófagurri mynd af hegðun hinna hamingjusömu.**

Aðrar af hugmyndum Layards eru hins vegar í meiri andstöðu við tíðarandann. Athuganir sýna að fólk er sífellt að bera sig saman við náungann. Þekktar kannanir benda til þess að ef fólk gæti valið vildi það frekar tiltölulega lágar tekjur, ef allir aðrir fá svipað, en háar tekjur ef með því fylgir að aðrir fá enn meira. Staða gagnvart öðrum mönnum skiptir fólk meira máli en aukinn auður. Lífsgæðakapphlaup leiðir því ekki til hamingju, og skemmir samfélagið, að mati Layards, enda snýst það um samkeppni þar sem ávinningur leiðir ekki til varanlegrar ánægju og samfélagið í heild tapar. Layard segir að aukin samkeppni sé rótin að mörgum þjóðfélagsmeinum samtímans og að nota eigi skattakerfið til að draga úr þeim hvata sem fólk hafi til mikillar vinnu og mikillar samkeppni. Frá sjónarmiði hagvaxtar er slæmt ef fólk tekur tíma frá vinnu í að vera með fjölskyldunni eða í að sinna áhugamálum. Frá sjónarmiði hamingju er hins vegar slæmt ef menn eyða tíma sínum og orku í að vinna fyrir peningum sem veita þeim ekki hamingju. Því vill þessi hagfræðingur hækka skatta á háar tekjur. Það er svo sem ekki sérlega óvanaleg afstaða fyrir vinstri menn en Layard berst fyrir þessu í nafni hamingju en ekki réttlætis.

Þetta minnti mig á fyrirlestur sem ég heyrði fyrir löngu við breskan háskóla. Þar varaði fyrirlesari við skelfilegum afleiðingum aukinnar hamingju og hélt því fram að ef umtalsverður hluti almennings yrði hamingjusamari, sem hann taldi raunar ólíklegt, gæti það leitt til djúprar efnahagskreppu. Hagsæld væri beinlínis undir því komin að menn yrðu ekki of hamingjusamir. Maðurinn brá líka upp ófagurri mynd af hegðun hinna hamingjusömu. Slíkir menn eru fyrir það fyrsta afleitir neytendur því fólk sem hefur fundið frið og hamingju á miklu færri erindi í búðir en þeir sem leita ánægju í nýjum hlutum. Þótt hinir hamingjusömu njóti vinnu sinnar og séu oft einstakir starfskraftar, þá dugar það ekki til, sagði maðurinn, því hamingja rænir menn áhuga á sífellt hærri tekjum. Neysluhyggja samtímans, sagði hann, snýst um kaup manna á táknmyndum sem eiga að gefa þeim sjálfum og öðrum upplýsingar um að þeir séu eitthvað merkilegri en sauðsvartur almúginn. Hinn hamingjusami hlær hins vegar að allri vitleysunni, sagði fyrirlesarinn, og því er ánægður maður óheppilegt fyrirbæri, hagfræðilega séð. ■











FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 6.52 | 13.32 | 20.14 |
| AKUREYRI 6.34 | 13.17 | 20.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.


**heilsa o.fl.**
Gæti jafnast á við spænsku veikina
BLS. 4



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
**Í dag er miðvikudagur 30. mars, 89. dagur ársins 2005.**





**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
***byrja í dag á bls. 6***



**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helga Lucia stefnir að því að verða kennari með góðan grunn.

# Er gott efni í vinnualka

***Helga Lucia Bergsdóttir ólst upp í Viðborðsseli í Hornafirði og lærði það í sveitinni að iðjusemi er dyggð. Nú leggur hún stund á tvær ólíkar greinar innan háskólans, íslensku og jarðeðlisfræði, og vinnur svo í Krónunni á kvöldin og um helgar.***

Það eru frímínútur hjá Helgu Luciu þegar Fréttablaðið hittir hana í setustofu Öskju í Vatnsmýrinni til að forvitnast um námið hennar og framtíðina. „Ég ætlaði mér alltaf í íslensku en svo var ég að vinna á Jökulsárlóni í fyrrasumar og þar kviknaði jarðfræðiáhuginn. Ég byrjaði því síðastliðið haust í íslensku og jarðfræði. Draumur minn er að verða kennari og ég taldi að með þessari blöndu hefði ég dálítið víðtækt svið. Svo var jarðfræðin ekki eins og ég bjóst við og eiginlega ekki íslenskan heldur svo þetta varð frekar vandræðalegt,“ segir hún og bætir við. „En þá fann ég jarðeðlisfræðina og líkar vel í henni.“

Þar sem Helga Lucia hóf jarðeðlisfræðinámið um áramót missti hún af byrjunarnámskeiðunum en tekur þau bara næsta haust. Hún reiknar með að útskrifast eftir fjögur ár með 90 einingar í jarðeðlisfræði og 30 einingar í íslensku. Síðan ætlar hún að taka kennsluréttindi. „Það tekur bara eitt ár,“ segir hún brosandi. Kveðst hafa kynnst kennslu í fyrravetur í Hornafirði og þótt það rosalega gaman. Þar var hún í afleysingum, fyrst sem umsjónarkennari 3. bekkjar í Nesjaskóla og síðan í Heppuskóla að kenna íslensku í 8. bekk og stærðfræði í 9. bekk.

Það vefst aðeins fyrir Helgu Luciu hvort raungreinar eða tungumál eigi betur við hana og við eftirgrennslan kemur í ljós að á stúdentsprófi frá Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu útskrifaðist hún bæði af náttúrufræðibraut og málabraut og hreppti verðlaun í fjórum greinum. Með háskólanáminu vinnur hún svo í Krónunni um helgar og þrjú til fjögur kvöld í viku. Hvernig fer hún að þessu? „Eina ráðið er að skipuleggja sig,“ segir hún hress. „Ég er áreiðanlega mjög gott efni í vinnualka því ég verð alltaf að hafa mikið fyrir stafni.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í heilsu*

**Tóbakslögin** Stjórn Eflingar lýsir yfir einróma stuðningi við frumvarp um bann við reykingum á vinnustöðum þar sem mjög mikilvæg vinnuvernd felst í því og starfsmenn á veitingastöðum verða í dag fyrir heilsutjóni vegna óbeinna reykinga. Með frumvarpinu eru afnumdar undanþágur sem gilt hafa lengi um reykingar á vinnustöðum fólks á veitingahúsum og tryggir þannig þessu starfsfólki vinnuaðstæður sem eru sambærilegar öðru launafólki.



**Reykingabann á Írlandi** Samkvæmt frétt á vef Reuters kemur fram að reykingabannið sem sett var á veitinga- og skemmtistaði á Írlandi fyrir ári hafi heppnast vel. Bannið njóti nú um 97% stuðnings á pöbbum og veitingastöðum og hefur sérstaklega orðið mikil hugarfarsbreyting hjá reykingamönnum. Menn standa nú fyrir utan pöbbana og reykja og er talað um þetta sem nýja leið til að kynnast fólki þar sem ókunnugt fólk byrjar að spjalla á meðan það fær sér smók.

**Blóðbanki** Í nýju frumvarpi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er lagt til meðal annars að Lyfjastofnun verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka, þ.e. eftirlit með meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða. Landlækni er jafnframt falið að fara með eftirlit með starfseminni samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

*heilsa@frettabladid.is*






**Nám er skemmtun**
Ekki gleyma þér í skyldunum varðandi námið og próflestur. Mundu að nám er skemmtun og njóttu þess. Ef námsleiði sækir að þér skaltu draga fram allt efnið sem þér þykir skemmtilegt og lesa það til að koma þér aftur í stuð.

ato:
BÓKHALDSÞJÓNUSTA · · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldsþjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldsþjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

**Tökum að okkur verkefni varðandi:**

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl
- Endurskoðun o.fl.

Hamraborg 1-3
200 Kópavogi
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404



JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

**Viltu læra að búa til 100% hreinar náttúrulegar snyrtivörur?**

**Kolbrún grasalæknir kennir eftirtalin námskeið.**

*4 apríl* "Spavörur- baðsalt, skrúbb, olíur og vafningar".
*11 apríl* "Allt fyrir andlitið krem, maskar og fleira".
*18 apríl* "Smyrsla- og olíugerð".

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14

Færð sýnishorn með heim.
Hvert námskeið kostar 4900 kr.
Skráning í síma 552 1103

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

**Rauði kross Íslands**
**Reykjavíkurdeild**

**Börn og umhverfi** (áður barnfóstrunámskeið)
Námskeiðið er fyrir ungmenni fædd árin 1991, 1992 og 1993. Farið er í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu, ásamt ýtarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða kross-ins.
Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar.
Námskeiðin eru haldin í húsnæði Reykjavíkurdeildar að Laugavegi 120 við Hlemm.
Hvert námskeið er 4 kvöld og kennt er frá kl. 18:00 – 21:00, samtals 16 kennslustundir.
Kennt verður eftirfarandi daga:

a. 6., 7., 11. og 12. apríl
b. 13., 14., 18. og 19. apríl
c. 20., 22., 25. og 26. apríl
d. 27., 28. apríl, 2. og 3. maí
e. 11., 12., 17. og 18. maí
f. 25., 26., 30. og 31. maí
g. 1., 2., 6. og 7. júní

**Námskeiðsgjald er kr. 5.500**
Innifalið: Bókin Börn og umhverfi, bakpoki með skyndihjálparútbúnaði og hressing.
Skráning í síma og nánari upplýsingar veitir Sigrún í síma 545-0400 og netfang: sigrunjons@redcross.is



María Gísladóttir með glerverk sem hún hugsar sér sem gegnsætt hótel.





FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

TIL VINSTRI: Brynja Helga Kjartansdóttir með hluta skúlptúrs sem hún ætlar að nota í stuttmynd. TIL HÆGRI: Hanna Birna Geirmundsdóttir vinnur að gerð skúlptúrs.

# Magnað og spennandi andrúmsloft í myndlistinni

***Myndlistar- og hönnunarsvið Myndlistarskóla Reykjavíkur hefur verið við lýði í tæp fjögur ár og nú eru þar 26 nemendur. Ingibjörg Jóhannsdóttir er deildarstjóri. Hún fræðir okkur fúslega um starfið.***

„Námið er byggt á aðalnámskrá framhaldsskóla og er eins árs fullt nám, ætlað þeim sem hyggja á framhaldsnám í hönnun eða myndlist. Við höfum lagt áherslu á að hafa námið nokkuð opið þannig að fólk læri ákveðin vinnubrögð sem við teljum að séu því notadrjúg, hvort sem það tekur sér fyrir hendur nám í arkitektúr, myndlist eða eitthvað annað á þessu sviði. Við leggjum líka áherslu á teikningu og lita- og formskoðun. Nemendur byggja síðan á þessum grunni og leika meira lausum hala við sína verkefnavinnu í seinni hluta námsins. Yfirleitt tengjast verkefnin þá þeim brautum sem nemendurnir eru að hugsa um að feta í framhaldinu.



Guðmundur Valur Viðarsson með bókverk og fjær situr Hrönn Helgadóttir.

Aldurstakmörk í deildina eru 18 ár og fólk þarf að hafa lokið 104 einingum í framhaldsskóla. Margir eru með stúdentspróf en það er ekki skilyrði en hins vegar þarf fólk að hafa lokið um þriggja ára framhaldsskólanámi í almennum greinum. Við leggjum áherslu á að allir þeir sem kenna hjá okkur séu starfandi myndlistarmenn og hönnuðir. Okkur finnst það gefa góða raun. Nemendur eru í einu fagi í nokkrar vikur í senn frá klukkan níu til þrjú og vinna heimavinnuna sína eftir það. Þeir eru þá á kafi í því sem þeir eru að gera með fagfólki þennan tíma. Þetta skapar magnað og spennandi andrúmsloft. Og þótt námið byggi að mestu á verklegum þáttum þá skiptir fræðilegi þátturinn líka miklu máli. Við fáum inn frábæra fyrirlesara úr öllum mögulegum áttum. Þeir nemendur sem hafa farið í gegnum deildina á síðustu árum eru flestir komnir í framhaldsnám í tengslum við myndlist eða hönnun. Auk náms á myndlistar- og hönnunarsviði er hægt að stunda fullt nám í Myndlistarskólanum í keramikdeild og/eða taka kúrsa á kvöldnámskeiðum sem eru valáfangar á framhaldsskólastigi þar sem kennd er módelteikning, keramik og litafræði og margt fleira.“

*gun@frettabladid.is*

## Námskeið í reykbindindi

KRABBAMEINSFÉLAG REYKJAVÍKUR HEFUR UM ÁRABIL HALDIÐ NÁMSKEIÐ FYRIR FÓLK SEM VILL HÆTTA AÐ REYKJA.



Næsta námskeið Krabbameinsfélagsins hefst í kvöld, miðvikudagskvöld. Fyrirkomulag námskeiðsins er þannig að þátttakendur hittast sex sinnum á fimm vikna tímabili – og að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um fíkn, nikótínlyf, langvarandi afleiðingar tóbaksneyslu, og mataræði. Leiðbeinandi er Halla Grétarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fræðslufulltrúi hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Hægt er að skrá sig á hallag@krabb.is eða í síma 540 1900.

## Hvað börnin segja um sjávarútveg

Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð er verkefni í keppnisformi sem grunnskólanemendur eiga kost á að spreyta sig í nú á vorönn.

Sjávarútvegsráðuneytið og menntamálaráðuneytið standa fyrir samkeppni innan grunnskólanna í tilefni af því að 6. mars voru liðin 100 ár frá því að fyrsti íslenski togarinn, Coot, kom til heimahafnar í Hafnarfirði. Markmiðið með henni er að auka innsýn skólabarna í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Nemendur eiga að búa til sérstakan vef um efnið en kennarar og skólastjórnendur ákveða nánar hvernig staðið verður að því innan hvers skóla. Þeir geta tengt verkefnið ýmsum námsgreinum svo sem stærðfræði, heimilisfræði, íslensku, myndlist, sögu, líffræði eða samfélagsfræði ef þeim sýnist svo. Verkefnunum skal skilað til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 25. maí og vegleg verðlaun eru fyrir þrjú bestu verkefnin. Upplýsingar um keppnina er að finna á síðunum www.menntagatt.is og www.sjavarutvegsraduneyti.is



Jóhanna veltir upp ýmsum flötum á leikskólastarfinu í erindi sínu á málþinginu.

# Leikur eða kennsla

***Skil milli leik- og grunnskóla verða umræðuefni forvitnilegs málþings sem haldið verður í Kennaraháskóla Íslands nú á föstudaginn, 1. apríl.***

Meðal atriða á málþinginu er erindi Jóhönnu Einarsdóttur, dósents í menntunarfræði við KHÍ, sem hún nefnir Er hægt að „kenna“ meira í leikskóla? Við spurðum hana aðeins út í efnið.

„Ég ætla að ræða um markmiðin með leikskólastarfi. Hvað er „að kenna“ og hvað á að kenna? Á að nýta leikskólatímabilið til að kenna börnum sem mest af lestri, skrift og reikningi eins og stefnan er í Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem kennslan er alltaf að færast neðar í aldurshópana? Eða á að fara norrænu leiðina og leggja áherslu á hin almennu gildi í leikskólanum, þjálfa börnin í samskiptum og kenna þeim að taka ákvarðanir? Svo ætla ég líka aðeins að fjalla um væntanlega styttingu náms til stúdentsprófs. Mér skilst að það eigi að fara að endurskoða námskrár leik- og grunnskóla og það verði meiri samfella þarna á milli. Við þurfum að gera okkur grein fyrir hvernig við viljum haga þeirri samfellu,“ segir Jóhanna að lokum.

Málþingið er á vegum menntamálaráðuneytisins í samvinnu við Kennaraháskólann og samráðsnefndir leikskóla og grunnskóla. Það er öllum opið meðan húsrúm leyfir, þátttakendum að kostnaðarlausu. ■

PhotoReading
- margfaldar lestrarhraðann
- auðveldar leit aðalatriða
- bætir einbeitingu, skilning og minni
20 kest. námskeið
Lestrartækni þróuð af Learning Strategies Corp., U.S.A.
Kvöld-, eftirmiðdags- og helgarnámskeið í apríl.
Skráning og upplýsingar í s. 899 4023
og á www.photoreading.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla
- skráðu þig núna í nám hjá TölvuskólaTV
Almennt tölvunám
Þetta er frábært námskeið fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.
Helstu kennslugreinar
• Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
• Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
• Töflureiknirinn Excel
• Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir
Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.
Lengd: 84 stundir/57 klukkust. Verð: 69.900 staðgr.
Tímar: Námskeið í boði á ýmsum tímum dagsins
www.tv.is
Tölvumennt TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða líttu við á www.tv.is
Tölvuvísir www.tv.is
PEARSON VUE Authorised Centre
Microsoft CERTIFIED Partner
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



Sjálfboðastörf
Guatemala, Costa Rica, Suður Afríka, Perú og Indland
Að vinna að sjálfboðastörfum er gott tækifæri til þess að læra tungumál og kynnast framandi menningu. Dvölin hefst á málanámi og undirbúningi fyrir störf hjá hjálparstofnunum, þjóðgörðum og við samfélagsþjónustu.
MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?
STÚDENTAFERÐIR
exit.is
KRAFTAVERK
Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

Fjarnámskeið
fyrir stafrænar myndavélar
• Fjarnámskeiðið er í gangi allt árið og hægt er að skrá sig inn hvenær sem er.
• Nemandinn stundar það á sínum hraða, hvar sem er og hvenær sem er .
• Námskeiðið er opið fyrir hvern nemanda í alls 90 daga.
Hver nemandi fær sína eigin síðu sem verður sett upp fyrir hann og hann vinnur einn með.
Nemandinn fær aðgang að ítarlegu námsefni og fróðleik á íslensku sem skipt er niður í nokkra hluta. Auk þess eru um 150 skýringaljósmyndir.
Nemendinn fær send ljósmyndaverkefni og krossapróf í tölvupósti.
Verð kr. 11.500
Skráning og nánari upplýsingar á www.ljosmyndari.is

SÝNIKENNSLA Í LAMPAGERÐ
eftir hádegi í dag
Sjálflímandi skermaefnið komið aftur.
Allir velkomnir
OPIÐ FRÁ 10-18 VIRKA DAGA
11-16 LAUGARDAGA
Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegur 18 Sími 568 6500
www.fondra.is

birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Tungumálanám fyrir sumarið
Byrjenda- og talmálshópar
- Enska
- Spænska
- Ítalska
- Danska
- Sænska
- Gríska
- Rússneska
- Japanska
- Íslenska fyrir útlendinga
Eitthvað við allra hæfi
MÍMIR SÍMENNTUN
Innritun fer fram á Grensásvegi 16A, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is



**Morgunteygja**
Á morgnana er gott að teygja vel úr sér áður en maður fer fram úr. Maður vaknar betur og fær blóðið af stað, auk þess sem vöðvarnir eru stirðir eftir nóttina.



# Fuglaflensunni líkt við spænsku veikina

***Í sjónvarpsfréttum á dögunum greindi Haraldur Briem landlæknir frá fuglaflensunni í Asíu og að útbreiðsla hennar gæti valdið inflúensufaraldri sem jafnast á við spænsku veikina sem geisaði árið 1918.***

Fuglaflensa hefur nú geisað í Asíu um nokkurt skeið og hefur hún í nokkrum tilfellum borist í menn sem hafa neytt fuglanna, en hún smitast ekki manna á milli. Hins vegar er sú hætta fyrir hendi að veiran H5N1, sem veldur flensunni í fuglum, berist í menn sem bera inflúensuveiru fyrir og þær blandist saman og til verði ný inflúensuveira sem auðveldlega getur smitast manna á milli. Smitleiðin væri í gegnum öndunarfærin og myndi því breiðast hratt út, fólk veikjast mikið og í einhverjum tilfellum deyja, en engin bóluefni eru til við þessari stökkbreyttu veiru. Þessum hugsanlega faraldri hefur verið líkt við spænsku veikina sem geisaði 1918, en þar var einmitt um að ræða nýja tegund af inflúensuveiru sem breiddist hratt út á fjórum til sex mánuðum.

Landlæknisembættið telur ekki ástæðu fyrir almenning að óttast hugsanlegan faraldur enn sem komið er, en telur mikilvægt að fólk sé vel vakandi fyrir möguleikanum. Sóttvarnalæknir er vakandi fyrir yfirvofandi hættu og hafa ráðstafanir verið gerðar til bregðast við henni. Gott samstarf er á milli sóttvarnalækna um allan heim og yrði fólk varað við um leið og tilfelli kæmi upp ásamt tilmælum um hvernig fólk eigi að haga sér til forðast smit. Ef þessi tegund að inflúensu yrði að veruleika er mikilvægt fyrir almenning að gera sér grein fyrir hættunni og fylgja fyrirmælum til hins ítrasta til að aftra útbreiðslu flensunnar. Ekkert er hægt að segja til um hverjar líkurnar séu á að þetta verði að veruleika, það eina sem við vitum er að þetta er raunhæfur möguleiki.

Á vef Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er hægt að leita frekari svara við fuglaflensunni en á ensku kallast hún „avian influenza“ og er slóðin: www.who.int.

*kristineva@frettabladid.is*



Hætta er á að veira sem veldur fuglaflensu stökkbreytist í mönnum og verði að skæðri inflúensuveiru.

## Kólesteról eykur gáfur og snerpu

Það eru gömul sannindi og ný að hátt kólesteról í blóði þykir ekki heilsusamlegt og eykur hættuna á óskemmtilegum sjúkdómum á borð við hjartveiki. Enda er jafnan brýnt fyrir fólki að haga mataræði sínu þannig að kólesterólmagn fari ekki upp úr öllu valdi. Það hefur hins vegar komið á daginn að hátt kólesteról virðist hafa áhrif á gáfnafar fólks. Læknar í Boston hafa komist að þessari niðurstöðu eftir að hafa prófað um 1.100 manns á andlega sviðinu. Þeir sem mældust með hátt kólesteról komu að jafnaði mun betur út í prófunum – þeir voru einbeittari, minnugri, skipulagðari og almennt hæfari til að leysa erfiðar þrautir. Þrátt fyrir að tilhugsunin um að auknar gáfur geti verið freistandi er alls ekki mælt með því að fólk taki upp lífshætti sem eru til þess fallnir að auka kólesterólmagnið – enda kannski flestir nógu gáfaðir fyrir.



# Lyf afgreidd í gegnum lúgu

***Fyrsta bílaapótekið á Íslandi hefur verið opnað í Kópavoginum.***

Lyfjaval hefur opnað fyrsta bílaapótekið á Íslandi að Hæðarsmára í Kópavogi og er það jafnframt hið fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. Viðskiptavinir geta keyrt upp að apótekinu og fengið afgreiðslu í gegnum lúgu án þess að stíga út úr bílnum og getur það verið afar hentugt fyrir þá viðskiptavini sem eiga erfitt með að fara úr bílnum. Þjónustan ætti því að nýtast hreyfihömluðu fólki, eldra fólki og fólki sem er með veik börn í bílnum sérstaklega vel.

Apótekið hefur verið opið nú í rúman mánuð. Hafa viðtökurnar verið mjög góðar og telja talsmenn Lyfjavals bílaapótekið komið til að vera. Apótekið býður upp á alla hefðbunda þjónustu auk þess sem hægt er að ganga inn í verslun öðrum megin og því ekki aðeins afgreiðsla í gegnum lúgu. Lúguafgreiðslan er opin alla frá 10 á morgnana til miðnættis en verslunin alla daga nema sunnudaga frá klukkan 10-19. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lyfin rétt út um lúguna.

ROPE YOGA
**Rope Yoga** er heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi sem skilar skjótum árangri og stuðlar að varanlegum breytingum á líðan þinni og lífsháttum.
Rope Yoga bönd
**kr. 19.900.-**
Rope Yoga æfingastöð
**kr. 59.900.-**
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

**Er maginn vandamál?**
**Stress, þreyta og sérstakur matur getur sett magann úr jafnvaægi.**
**Óþægindi lýsa sér oft sem nábítur, brjóstsviði, vindgangur, harðlífi og niðurgangur.**
**Þetta þykir öllum afar óþægilegt og líður þá illa í öllum líkamanum.**
**Silicol fæst í apótekum**

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 19.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 14.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

HREYFI LAND
MÖMMUR OG BÖRN
BÖRN FRÁ 1-6 ÁRA
MEÐGÖNGULEIKFIMI
UNGBARNALEIKFIMI
Námskeið hefjast 6.apríl
Nánari upplýsingar og skráning
www.hreyfiland.is
sími: 577 2555 frá kl. 9-13
mottaka@hreyfiland.is

VORIÐ ER HÉR!!
Vornámskeið hefjast 4. apríl
Ný leikfimi- og yoganámskeið hefjast 18 apríl.
Afró Dianne
Flamenco Minerva
Salsa Carlos
Afró Alseny
Karabískir dansar Edna
Tangó Bryndís & Hany
Magadans Sigga Nanna
Magadans Rosalind
FJÖRIÐ ER HÉR!!
Velkomin í fjörið!
KRAMHÚSIÐ
www.kramhusid.is · sími 551-5103

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Jurtir til að hressa uppá sál og líkama.
Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík
Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Smoothies
100% ávöxtur
engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 11–17
maður lifandi
Borgartúni 24

LYFJA
Við mælum blóðfitu
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

## Allt gerist tvisvar

Frá því að við vöknum á morgnana og þangað til við sofnum á kvöldin hefur allur dagur okkar í raun átt sér stað tvisvar.

**Fyrstu hugsanir dagsins**

Um leið og við vöknum förum við að velta ýmsu fyrir okkur. Það getur tengst einhverju sem okkur dreymdi, hvað við erum að fara að gera um daginn, hvaða fötum við ætlum að vera í o.s.frv.

**Þjóðfélagið er fullt af „skrítnum“ einstaklingum**

Það er merkileg staðreynd að við tölum við okkur sjálf allan daginn. Það er enn merkilegri staðreynd að við erum flest ómeðvituð um það. Á hverjum degi rökræðum við um hitt og þetta við okkur sjálf. Oft er því fleygt fram að um 90% af þeim ákvörðunum sem við tökum séu teknar á grundvelli tilfinninga meðan 10% sem eru rökfræðilegs eðlis séu nýtt til þess að réttlæta hin 90%... Í raun erum við því öll meira og minna „skrítin“, nema að við gerum okkur flest ekki grein fyrir því.

**Íþróttasálfræði**

Hver man ekki eftir Völu Flosadóttur þegar hún vann bronsið í stangarstökki kvenna á ólympíuleikunum, sem er stórkostlegt afrek! Þegar hún stóð með stöngina, tilbúin að stökkva við enda brautarinnar, og til skiptis tautaði eitthvað í sífellu og blés í lófa sér. Hún var líklega að segja við sjálfa sig „ég get þetta, ég get þetta“, en blés í lófa sér til þess að kvoðan í lófa hennar gæfi sem mest grip. Þetta er gott dæmi um hvernig íþróttamenn beita sálfræði til þess að ná meiri árangri.

**Hvernig getur íþróttasálfræði nýst okkur?**

Ef við fyrst gerum okkur grein fyrir því að við eigum í samræðum við okkur sjálf og svo í kjölfarið verðum meðvitaðri um hvað við erum að segja getum við breytt mjög miklu í okkar lífi. Við höfum nefnilega flest tilhneigingu til þess að draga okkur niður frekar en byggja upp. Þetta ýtir undir lágt sjálfsmat og dregur frekar úr árangri en hitt. Þetta er erfiður biti að kyngja en er engu að síður staðreynd...

**Áskorun!**

Ég hvet þig, kæri lesandi, til þess að veita því athygli sem þú ert að segja við þig og reyna að stjórna því í einn dag. Ekki er ólíklegt að það eigi eftir að koma þér verulega á óvart, í fyrsta lagi hvað þú ert að segja og í öðru lagi hversu erfitt er að stjórna því...

Þetta og önnur hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



# Aukaefni vinnur gegn fitu í ruslfæði

***Nýleg rannsókn í Ameríku sýndi að með viðbættu sérstöku aukaefni er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum ruslfæðis.***



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ruslfæði hefur verið talið eiga sinn þátt í auknum offituvanda fólks og hækkandi tíðni sykursýki. Vísindamenn í San Diego gætu hafa fundið leið til að draga úr slæmum áhrifum ruslfæðis, með aukaefni sem getur hægt á upptöku líkamans á fitu niður í eðlilegan hraða.

Vísindamennirnir voru með hóp af hömstrum sem í fjórar vikur fengu mat sem innihélt jafnmikla fitu og dæmigert ruslfæði og annan hóp sem fékk fæði sem innihélt litla fitu. Hópurinn sem sem fékk fituríka fæðu þróaði með sér insúlín ónæmi sem er undanfari sykursýki á meðan engin breyting var á hinum hópnum. En þegar vísindamennirnir endurtóku tilraunina með því að gefa dýrunum visst aukaefni út í fituríku fæðuna þróuðu dýrin ekki með sér ónæmi fyrir insúlíni. ■

LifeStream® Spirulina
Yfirburðagæði og styrkleiki
Þú finnur muninn!
Súrefnistæmdar umbúðir til að næringarefnin varðveitist.
Duft · Hylki · Töflur Fæst í öllum apótekum Vottað lífrænt

Slim·Fast
Nærir og grennir
Með Slim-Fast sem hluta af daglegu mataræði fær líkaminn flest þau næringarefni sem hann þarfnast um leið og gengið er á aukakílóin.
Berglind léttist um 7 kíló* með Slim-Fast
* á 2 mánuðum

FJÖLVÍTAMÍN MEÐ GINSENG
GERIMAX GINSENG
Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan
FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

GRÆNMETISNÁMSKEIÐ SÓLVEIGAR
Ég kenni að kaupa inn hollt hráefni og elda gómsæta og næringarríka rétti úr grænmeti, baunum og tofu, að ógleymdum sykurlausum eftirréttum.
Kennari er Sólveig Eiríksdóttir
Námskeiðið er eitt kvöld að lengd, frá kl 19.00 – 23.00 og er byrjað að skrá á eftirfarandi námskeiðsdaga sem eru síðustu námskeiðsdagar vetrarins
30. mars | 6.apríl | 13.apríl
Einnig verður framhaldsnámskeið fyrir þá sem lokið hafa byrjendanámskeiði:
14.apríl
Verð kr. 4.900.- kr.
SKRÁNING Í SÍMA 821 4608
HIMNESK HOLLUSTA

Námskeið í Bowen Tækni
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu. Virkar vel á líkamleg vandamál.
Kennt á Akureyri 13. - 16. maí 2005
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. og skráning • símar 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

Bio-Rosino
Rúsínukex úr lífrænt ræktuðu hráefni.
Enginn hvítur sykur - engar hertar fitur.
Fæst í heilsubúðum og heilsuhillum matvöruverslana
Yggdrasill
Kárastíg 1, 101 Rvík, S: 562 4082
Sérverslun með lífrænt ræktaðar vörur

Hvernig er mallinn?
ACIDOPHILUS FYRIR BÖRN
Chewy Bears Acidophilus American Health
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



Toyota Avensis 1,8 árg. 2002, ek. 62 þ. km. Sjsk. Fallegur bíll. Verð 1640 þús.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

SPARI bill



Nýr Smart Roadster blæjubíll, ABS, spólvörn, stöðugleikakerfi,Álfelgur, CD, ofl. Eyðsla 4 L/100 km. Okkar verð: 1.890 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

TOPPBÍLAR bílasala



Toyota Landcruiser 90 LX, árgerð 06/2004, 35" breyting, 5 gíra, ekinn 13 þ.km, kastaragrind, filmur, motta í skotti. Verð 5.460.000.-

**Toppbílar**
**Funahöfða 5, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

VÍKUR VERK



LMC - Hjólhýsi. Mikið úrval Glæsileg Þýsk hjólhýsi. Nánari upplýsingar gefur Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720

**Víkurverk**
**Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2357**
**www.vikurverk.is**

12 Volt



Subaru Forrester 2,0 10/02 4x4, Ssk, ek 25þús, Álfelgur vetrardekk á felgum fylgir, dráttarkrókur. Uppl í s 820-1101 553-1495.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

**Heimsbílar eru með allt að 120 bíla sölusvæði,** eitt það stærsta á höfuðborgarsvæðinu. Hjá okkur fær bíllinn þinn athygli á glæsilegu og rúmgóðu bílastæði.
**Verið velkomin á Klettháls 11a.**



Toyota 4Runner., nýskr. 03/'91., ek. 220 þ.km., ssk., dökkgrænn., Topplúga., 31" dekk., nýleg tímareim o.fl. Verð 360.000.-

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



Nissan Double-cab, diesel 2,5 turbo, intercooler, árg. 3/2002, ekinn 90 þús., þjónustubók, lítur mjög vel út, sk. '06, verð 1.850.000. S. 821 6292.



Nissan extra-cab árg. 3/2003, bensín, ekinn aðeins 18 þús.km, 2 dyra, lengri pallur, skráður 4 manna, sk. '06, 100% lánað, verð 1.590.000,- m.vsk. S. 821 6292.



Nissan Patrol árg. '94, diesel, 7 manna, ný 31" dekk, ekinn 295 þús., nýtt hedd, upptekinn gírkassi o.fl., sk. '06, 100% lánað. Verð 890.000. S. 821 6292.



Chevrolet Suburban seria 2500 diesel 6,5 turbo, árg. '96, ekinn 210 þús., nýupptekin vél o.fl., nótur, 7 manna, leðursæti, mikill aukabúnaður, 38" hækkun, ný 36" dekk, sk. '06, 100% lánað. Verð 2.300.000. S. 821 6292.



VW Double-cab diesel árg. '98, 6 manna með palli, ekinn 150 þús., nýleg tímareim o.fl., sk. '06, 100% lánað. Verð 880.000,- með vsk., s. 821 6292.



VW LT-45 mini-vörubíll árg. '92, 6 cyl., diesel, ekinn 270 þús.km, ný dekk, sk. '06, 100% lánað. Verð 500.000,- m.vsk. S. 821 6292.



Mustang Mark-1 árg. 1971, allur nýuppgerður, t.d. vél, o.fl., o.fl., , sk. '05, 100% lán. Verð 1.250.000. S. 893 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 893 6292**

## Bílar til sölu



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg 2005 Nýr bíll. Leður,Topplúga 6 manna. Einn með öllu. Plus Gallery ehf. S. 898 2811



Ford F 150 V8 5,4 Triton Lariat, árg. '04, ekinn 22 þ. km, svart leður. Toppluga, 6 manna. Góður bíll á góðu verði. Plus Gallery ehf. S. 898 2811.



Nissan Almera 3ja dyra. Árg. '96 ekinn 160 þús, 1600 vél. CD og álfelgur. Uppl. í s. 867 0669

## 0-250 þús.



Mazda 323 sedan '93, ekinn 183 þús. CD, er í topp standi. Verð 180 þús. Uppl. í s. 697 5545.



Gulley 7213 til sölu. Upplýsingar í síma 565 4273 & 897 0883.

Toyota Corolla SI 1,6 '94, CD, spoiler, góður bíll, tilboð 250 þ. stgr. S. 659 9696.

Opel astra stadion árg. '98, ek. 123 þ., bsk., góður bíll, V. 420 þ. Tilboð 260 þ. stgr. S. 659 9696.

2 BÍLAR ? Galant '91 5 d. ssk. sk. '06 V. 110 þ. Subaru '91 1800. V. 95 þ. S. 690 1433 & 557 7287.

Volvo 240 Gl, árg '89, þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 866 7438.

Ford Escort '96. 1,4. Ekinn 130.000. Verð 150 þús. Upplýsingar í síma 867 4877.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla 1300 '96 Ek. 124 þ. km. Góð smurbók. Skoðaður '06, ný sumar og vetrard. V. 420 þ. Uppl. í síma 865 0400.



**Tjaldvagn/skipti**
Til sölu Hyundai Accent, árg '98, ek. 146 þús. km. Sumar- og vetrardekk, ný tímareim, skipti á tjaldvagni eða bein sala. Verð 330 þús. Uppl í s. 659 1722.

Volkswagen '93. 1,8 vél. Verð 300 þús. Uppl. í s. 892 4310.

## 500-999 þús.



Plymouth Grand Voyager, '96 árg. 3,3cc, V. 850 þús. S. 8995115.



Lancer GLXi 6/'99, ek. 86 þ. km, 5 g., ný dekk/bremsur, fallegur bíll. Ásett 720 þ. Tilboð 600 þ. Áhv. 125 þ. S. 664 1988.



Nissan Primera 1,6. árg 98. Beinskiptur. Ek. 66 þ. Vel með farinn, reyklaus, sumar- og vetrar dekk ofl. V 800 Þ. Uppl. í s. 849 6528 & 435 6875 ef. kl. 20.



Skoda Oktavia '99, ek. 93 þ. Sumar- og vetrardekk. Bíll í toppstandi. Einn eigandi. V. 750 þ. Ákv. 200 þ. S. 821 2779 & 698 2767 & 588 2779.



**Tilboð óskast**
Volkswagen Golf '99, sk. '06, ek. 92 þús., 1600 vél. Sumar-/vetrardekk. Ath. engin skipti. Verðtilboð óskast. Uppl. í s. 862 0780.



BMW 316i compack M, árg '00, ek. 82 þús. Og á sama stað 5 gata BMW Lensus álfelgur 17", til sölu. Ath skipti. Uppl. í s. 848 3113.

Toyota Avensis árg '98, ek. 100 þús. Upplýsingar í síma 660 1319.

Opel Corsa 1,4 árg 1999, 3ja dyra, svartur, ekinn 84000 km, gott útlit, sumar og vetrardekk. Verð 550 þ. Uppl. í s. 565 8912 á kvöldin.

## 1-2 milljónir



Subaru legacy 2,0 árgerð '01, ekinn 48 þ. Sjálfskiptur, spoiler, dráttarkr., álfelgur rafmagn í rúðum og speglum, þjónustubók, vel með farinn bíll. Uppl. í s. 899 9914.

Subaru Legacy árgerð 2000. Ekinn 75 þús. Léttkaup-bílalán. Uppl. í s. 895 0474.

Pajero árgerð '98 3500 bensín. Toppbíll með öllu. Uppl. í s. 895 0474.

## 2 milljónir +



Toyota Avensis 06/'03 ekinn 34 þ. 1.8 ssk. Bein sala eða skipti á eldri Avensis. S. 861 4153, Jens.



Bíllinn hans Afa er til sölu - Frábært tækifæri! Hyundai - Santa Fe 09.11.2002 ekinn 45 þ. hlaðinn aukahlutum - ný dekk. Einn eigandi frá upphafi, algjör gullmoli! Verð kr. 2.200 þús stgr. engin skipti. Uppl. í síma 661 8722

## Jeppar



Toyota Land Cruiser 90 LX til sölu, nýsk. 11.'98, ekinn 258 þús. Langkeyrsla, topp bíll, 2 eigendur. Uppl. í síma 896 2746.



Land Cruiser 90, árg '02, ek. 70 þús. Commonrail, ssk., einn eigandi. Verð 3,3, ath skipti. S. 896 6366.



Suzuki Vitara árg. '97, ek. 107 þús, ssk, 1 eig., ný tímareim, smurbók. (Ekki spánarbíll) V. 640 þús. S. 896 6366.



Nissan Terrano SE '90, sk. '06, ek. 206 þ., ssk., rafm. í öllu, toppl., 4x4. Ásett v. 320 þ. Tilb. 245 þ. S. 581 1979 & 861 0096.



Nissan Patrol Luxury '01. 38", 12.5" álfelgur. Ekinn 69 þús. Uppl. í s. 893 7374.

## Sendibílar



Til sölu Skoda-sendibíll. árg. '99. Tjónaður. Verðtilboð. Uppl. í síma 862 9487.

Toyota Hiace '93 dísel, 7 manna. Mikið endurnýjaður. Er á mæli. Uppl. í s. 897 3673.

## Húsbílar



Vel með farinn húsbíll til sölu. Nánari upplýsingar í síma 696 0910 Pálmar.



**Fornbíll/húsbíll. Engin bifreiðagjöld!**
Dodge árgerð '75, vél 318 cc, 727 sjálfsk., vaskur, gashellur og fl. Verð 240 þús. staðgr. Uppl. í s. 894 4560.

## Mótorhjól

Til sölu mjög fallegt Suzuki Savage 650. Árgerð '92. Ekið 10 þús. km. Uppl. í síma 847 3330.

Til sölu endurohjól Yamaha WR450 árgerð 2003. Tilboð óskast. Sími 663 3478.

## Fjórhjól



Fjórhjól Honda fourtrax 350 árg. 1987 til sölu. Upplýsingar í síma 660 9970

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

Vélaborg ehf

**John Deere hágæðaolíur;**
Smurolía, koppafeiti, vökvakerfisolía, frostlögur. 50% lengri endingartími. Frekari upplýsingar hjá sölumönnum. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Ak, 464 8600.



Gerni 400GTA 200 bör, 930l/klst. Aðeins kr. 99.900 án vsk. kr. 124.376 m. vsk. Jötunn Vélar ehf Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400. www.jotunn.is

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 · vísir · FRÉTTABLAÐIÐ · 90,9 · 98,9 · vísir

Jeppakerrur
**Víkurvagnar**

Lína Langsokkur.
Síðustu aukasýningar annan og þriðja apríl.
**Borgarleikhúsið**

Verslun iðnaðarmannsins.
**Sindri, Klettagörðum Reykjavík.**

Ausa, leikhúsperla með

Ilmi Kristjánsdóttur.
**Borgarleikhúsið.**

Svik.
Tvær sýningar eftir.
**Borgarleikhúsið.**

Segðu mér allt, fyrsta apríl ekki aprílgabb
**Borgarleikhúsið.**

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**




**Minnum á glæsilega sýningu sem verður um næstu helgi, bæði laugardag og sunnudag frá kl. 14 til 16. Bendum einnig á kynningu í Fasteignasjónvarpi Skjás eins í kvöld kl. 19.15.**

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir í 4-6 hæða lyftuhúsi. Eftisóttur staður í göngufæri við Spöngina, sem er nýr verslunar- og þjónustukjarni. Fallegt útsýni og stutt í golf, sund o.fl. Íbúðirnar, sem eru mjög aðgengilegar, eru fyrir 50 ára og eldri. Íbúðirnar eru frá 60 fm upp í 106 fm, verð frá 12,9–22,8 milljónir. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, nema á baðherbergjum, sem eru flísalögð. Vandaðar eikar- og mahóníinnréttingar ásamt glæsilegum stáltækjum. Húsinu er skilað fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð og álklæðningu að hluta. Lóð verður frágengin.

**Allar nánari upplýsingar og teikningar á www.soleyjarimi.is og á skrifstofum söluaðila.**

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
**533 4300**

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
**564 6655**

**Sími 533-4800**

**–Örugg fasteignaviðskipti!**

# MIÐBORG
*fasteignasala*

Laugavegur 182 - 105 Reykjavík
Fax 533-4811 - midborg@midborg.is



| Björn Þorri, hdl., lögg. fastsali | Karl Georg, hrl., lögg. fastsali | Þorlákur Ómar, Sölustjóri. | Kristján, sölumaður. | Magnús, sölumaður. | Sigurður, sölumaður. | Fríður, ritari. | Perla, ritari. | Þórunn ritari. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Opið mán.–fös. frá kl. 9-18, lau. frá kl. 11-14 Allar eignir á netinu: www.midborg.is




Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir fyrir 50 ára og eldri í 4-6 hæða lyftuhúsi á mjög eftirsóttum stað. Fallegt útsýni er úr íbúðunum og stutt er í útiveru, golf, verslanir og alla þjónustu. Íbúðirnar eru hannaðar af Kristni Ragnarssyni arkitekt og er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum eikar- og mahónýinnréttingum og glæsilegum stáltækjum.

Íbúðirnar eru frá 60 fm til 106 fm og kosta frá 12,9 til 22,8 millj. kr. Húsinu verður skilað fullfrágengnu að utan með steinaðri áferð, en klætt álklæðningu að hluta, á stigahús og útbyggingar. Einnig verður hluti svalaganga klæddur með hertu gleri. Lóð verður skilað frágenginni með malbikuðum bílastæðum, steyptum gangstéttum og grassvæðum þar sem við á á lóð. Þak er steinsteypt og einangrað að ofan og þétt með þakdúk. Öllum íbúðum á efri hæðum fylgja góðar svalir en hellulögð verönd með jarðhæðum.





**www.soleyjarimi.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.896 **+0,12%**

**Fjöldi viðskipta:** 229
**Velta:** 1.118 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 1,58% | **Líftæknisjóðurinn** | -7,69% |
| **Íslandsbanki** | 0,83% | **FL Group** | -2,14% |
| **Actavis** | 0,74% | **Össur** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,00 +0,74% ... Atorka 6,10 – ... Bakkavör 32,10 +1,58% ... Burðarás 14,05 -0,35% ... FL Group 13,75 -2,14% ... Flaga 5,43 – ... Íslandsbanki 12,20 +0,83% ... KB banki 528,00 – ... Kögun 60,00 – ... Landsbankinn 14,80 – ... Marel 56,70 – ... Og fjarskipti 4,14 +0,49% ... Samherji 12,05 +0,42% ... Straumur 10,30 – ... Össur 82,00 -0,61%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

# Hagnaður Tæknivals 608 milljónir

### Mikill afkomubati frá árinu 2003 en hann má að mestu rekja til sölu á eignum.

Hagnaður Tæknivals í fyrra var 608 milljónir króna en tap hafði verið á rekstrinum nokkur ár á undan. Árið 2003 var tapið 289 milljónir.

Afkomubatann má rekja til þess að í upphafi árs í fyrra seldi Tæknival smásöluverslanir sínar, BT og Office 1, til Skífunnar og námu sölutekjurnar ríflega milljarði króna.

Umsvif Tæknivals hafa því minnkað nokkuð á milli ára. Kostnaður í rekstrinum lækkaði til að mynda um ríflega fimmtíu prósent.

Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals, segir að stefnt sé að því að reksturinn í ár skili hagnaði. „Það fór heilmikið í kostnað vegna sölunnar og breytingar á rekstri fyrirtækisins og mikið þróunarstarf fór fram,“ segir Sigrún.



**SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR** Forstjóri Tæknivals á von á því að hagnaður verði af rekstri Tæknivals í ár.

Hún segir að ef litið sé framhjá kostnaði og tekjum vegna sölunnar og breytinga í kjölfar hennar hafi reksturinn verið nálægt því að vera „á núllinu“ en hún býst við því að hagnaður verði á þessu ári.

Hún segir að félagið beini kröftum sínum nú eingöngu að kjarnanum í starfseminni, sem sé þjónusta við fyrirtæki og stofnanir. „Það er eins og það hafi þurft að vekja athygli á því aftur því þessi þáttur starfseminnar hefur kannski fallið í skuggann á síðustu árum.“

Í Hálf fimm fréttum greiningardeildar KB banka í gær var tilkynning Tæknivals til Kauphallar Íslands gagnrýnd og sagt að ársreikningurinn sjálfur gæfi ekki tilefni til þeirrar umfjöllunar sem félagið sendi frá sér í gær. **- þk**



**LANDSBANKI ÍSLANDS** Eykur hlutafé um 800 milljónir að nafnvirði.

# Nýtt hlutafé skráð í dag

Hlutafjárútboði Landsbankans lauk í gær en alls var ætlunin að selja nýtt hlutafé fyrir 800 milljónir króna að nafnverði. Gangi það eftir fær bankinn 11,4 milljarða króna í sinn hlut. Niðurstöður útboðsins liggja fyrir við opnun markaðarins í dag.

Kaupgengi hlutanna var 14,25 krónur á hlut, sem er nokkru frá síðasta viðskiptagengi bréfanna í Kauphöllinni.

Tilgangur útboðsins var að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans og hjálpa til við frekari útrás hans. Enn fremur var hluthöfum sem áttu 100.000 krónur eða minna að nafnverði gefinn kostur á að styrkja stöðu sína í hluthafahópnum en 100 milljónir króna af þeim 800 milljónum sem í boði voru voru eingöngu ætlaðar þeim. **- eþa**



**HUGAÐ AÐ FREKARI STÆKKUN** Stjórn Actavis vill geta keypt ný fyrirtæki inn í samstæðuna og óskar eftir heimild til að auka hlutafé í fyrirtækinu sem gæti nýst til fjármögnunar slíkra kaupa.

# Vill heimild til hlutafjáraukningar

Stjórn Actavis leggur til að veitt verði heimild til að auka hlutafé í félaginu um 450 milljónir króna að nafnvirði. Aðalfundur félagsins er á fimmtudag.

Að sögn Halldórs Kristmannssonar, forstöðumanns innri og ytri samskipta hjá Actavis, liggur ekkert fyrir um hvort eða hvenær þessi heimild verði nýtt. Hann segir stjórnina hins vegar hafa hug á að hafa slíkt svigrúm. „Það er í samræmi við stefnu okkar um að stækka með ytri vexti þannig að stjórnin telur rétt að hafa þessa heimild þegar og ef til þess kemur,“ segir Halldór.

Með ytri vexti er til dæmis átt við kaup á nýjum fyrirtækjum inn í samstæðuna og segir Halldór að félagið þurfi að geta brugðist við ef slík tækifæri skapist.

Miðað við gengi bréfa í Actavis í gær gæti hlutafjáraukningin skilað félaginu um átján milljörðum króna. **- þk**



**JOHN ANTHONY CIARDI (1916 – 1986)**
lést þennan dag.



*„Dagurinn rennur sitt skeið, hvort sem maður fer á fætur eða ekki.“*

***- John Ciardi var bandarískt ljóðskáld, þýðandi og orðsifjafræðingur. Hann er þekktastur fyrir ljóð sín, bæði fyrir börn og fullorðna, auk enskrar þýðingar á verkum Dantes Alighieri, en hann vann líka með Isaac Asimov að safni limrukvæða.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Reynt var að drepa Reagan

Þennan dag árið 1981 hæfð skammbyssuskot Ronald Reagan Bandaríkjaforseta í brjóstkassann í þann mund sem lífverðir hans skelltu honum inn í brynvarða forsetabifreið hans fyrir utan Hilton-hótelið í Washington D.C. í Bandaríkjunum. Reagan lifði árásina af, en skotið gerði gat á lunga hans. Hann gekk óstuddur inn á sjúkrahúsið þar sem hann gekkst undir skurðaðgerð.
Óður maður að nafni John Hinckley Jr. hóf skothríðina að forsetanum. Hann skaut sex skotum og hitti forsetann og þrjá aðstoðarmenn hans. James Brady, fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins, særðist alvarlega þegar hann fékk skot í höfuðið, leyniþjónustumaðurinn Timothy McCarthy fékk skot í síðuna og lögreglumaðurinn Thomas Delahaney fékk skot í hnakkann.
Hinckley, sem var 25 ára gamall sonur framkvæmdamanns í olíuiðnaði, var kærður fyrir að



**30. MARS 1981**

reyna að ráða forsetann af dögum, knúinn áfram af þráhyggju í garð leikkonunnar Jodie Foster og löngun til að ganga í augun á henni. Í júní sama ár var hann fundinn ósakhæfur sökum geðveiki og lagður inn á spítala.
Ronald Reagan náði sér hins vegar hratt og vann yfirburðasigur í forsetakosningum nærri fjórum árum síðar og hóf þá sitt annað kjörtímabil sem forseti Bandaríkjanna. Hann lést í júní í fyrra, 93 ára gamall, eftir að hafa verið plagaður af Alzheimer-sjúkdómnum í um 10 ár.

## MERKISATBURÐIR

**1842** Í Bandaríkjunum notar dr. Crawford Long eter í fyrsta sinn til deyfingar.

**1858** H. L. Lipman fær einkaleyfi á blýanti með strokleðri á öðrum endanum.

**1870** Blökkumenn fá kosningarétt í Bandaríkjunum með gildistöku 15. viðauka stjórnarskrárinnar.

**1934** Eldgos hefst í Grímsvötnum.

**1945** Sovétríkin ráðast inn í Austurríki í seinni heimsstyrjöldinni.

**1949** Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu samþykkt á Alþingi. Óeirðir við Alþingishúsið, lögregla beitir táragasi.

**1985** Staðfest að mótefni veirunnar sem veldur alnæmi hafi í fyrsta sinn greinst í blóðsýni Íslendings.

**1990** Eistneska þingið lýsir yfir fyrirætlunum um að sækjast eftir fullu sjálfstæði landsins.

## AFMÆLI



**Hermína Sigurjónsdóttir**, Furugerði 2, Reykjavík, er 85 ára í dag. Hún er að heiman á afmælisdaginn.



**Ómar F. Dabney** meindýraeyðir er fimmtugur í dag.



**Hafdís Björk Laxdal** myndlistarkona er 43 ára í dag.



**Páll Torfi Önundarson**, læknir og tónlistarmaður, er fimmtugur í dag. Hann fagnar í klukkan sex í Iðnó í dag útgáfu nýs geisladisks með jazzskotnu ívafi.



**Auður Jónsdóttir** rithöfundur er 32 ára í dag.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ari B. Einarsson**

**Haðalandi 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum, Fossvogi, að morgni annars páskadags 28. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Kristín Aradóttir
Guðrún Aradóttir
Ragnheiður Aradóttir, Jón S. Þórðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Guðni Hansson**

tæknifræðingur,
Blönduhlíð 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni páskadags. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 1. apríl kl. 15. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Guðrún Hansdóttir — Rúnar G. Sigmarsson
Ragnheiður Hansdóttir — Bernharð Haraldsson
Hermann Hansson — Heiðrún Þorsteinsdóttir
Högni Hansson — Karin Loodberg
Sigurður Örn Hansson — Helga Finnsdóttir
Helga Hansdóttir
Erlingur Hansson
Vigdís Hansdóttir — Lars-Peter Sørensen
og fjölskyldur.



*Okkar ástkæri*

**Hákon Valtýsson**

Safamýri 41,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju, föstudaginn 1. apríl klukkan 15.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kraft s. 540 1900.

Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir,
Ingvar Andri, Valtýr Már.

Valtýr Guðmundsson, — Sigmunda Hákonardóttir
Guðrún Valtýsdóttir, — Þórir Karl Jónsson
Anna María Valtýsdóttir, — Jón Hermannsson
Inga Jónsdóttir.



**HRAFNHILDUR HAGALÍN GUÐMUNDSDÓTTIR** Ætlar að verja kvöldinu með sínum nánustu.

TÍMAMÓT: HRAFNHILDUR HAGALÍN GUÐMUNDSDÓTTIR FERTUG

# Skipulegg allt á síðustu stundu

„Ég vil gefa sem minnst upp, þetta er hálfgert leyndarmál,“ segir Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir leikritaskáld sposk í orðum um hvernig hún hyggst halda upp á fertugsafmæli sitt í dag. „Ég hugsa þó að dagurinn endi með mínum allra nánustu og góðum mat. Annars er ég að hugsa um að halda reglulega upp á afmælið út árið og fá sem mest út úr því,“ segir hún og hlær.

Hrafnhildur hélt veglegt hóf þegar hún varð 35 ára sem og þegar hún varð þrítug, en segir eftirminnilegasta afmælisdaginn vera þegar hún varð fjögurra ára. „Þá var mér gefinn lúður og ekki ósennilegt að það hafi kveikt tónlistaráhugann.“ Hún á nokkurn tónlistarframa að baki, þó ekki á sviði lúðrablásturs, heldur lauk Hrafnhildur burtfararprófi í klassískum gítarleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og er eina konan sem það hefur gert. Fljótlega sneri hún þó baki við gítarleiknum og fór að skrifa. „Þegar ég fór að fikta við skriftir fannst mér nærtækt að skrifa leikrit þar sem ég var leikhúsbarn,“ segir hún en foreldrar Hrafnhildar voru leikararnir Guðmundur Pálsson og Sigríður Hagalín. „Leikritið gekk vel og ég ákvað að halda mig á þeim slóðum, en gæli við að breyta til og skrifa kannski prósa.“

Hrafnhildur gætir þess þó að láta gítarinn ekki rykfalla í hillunni. „Ég spila alltaf af og til. Það líða kannski nokkrir mánuðir á milli en ég sakna þess alltaf að spila. Þetta var svo stór hluti af mér áður fyrr.“ Eiginmaður Hrafnhildar er Pétur Jónasson gítarleikari en hjónin tróðu einmitt saman upp fyrir nokkrum árum. „Ég er hins vegar alveg hætt að spila opinberlega og það er orðið ansi langt síðan við Pétur tókum lagið saman,“ segir hún.

Þessa dagana situr Hrafnhildur við skriftir og vinnur að næsta leikriti en segir framtíðina að öðru leyti óráðna. „Það verður bara að koma í ljós, ég skipulegg aldrei neitt fyrr en á síðustu stundu.“ ■

## ANDLÁT

**María Aðalbjörnsdóttir**, öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, áður Iðavöllum 8, Húsavík, lést mánudaginn 7. mars. Útförin fór fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 19. mars.

**Sigurður Sigurðsson**, verslunarmaður, Hverfisgötu 55, Reykjavík, lést föstudaginn 25. mars.

**Svanhvít Jónína Jónsdóttir**, Sólvangi, áður Öldugötu 4, (Gróf), Hafnarfirði, lést föstudaginn 25. mars.

**Einar Bragi**, rithöfundur, Suðurgötu 8, Reykjavík, lést laugardaginn 26. mars.

**Guðrún Kr. Ingvarsdóttir**, Foldahrauni 40, Vestmannaeyjum, lést laugardaginn 26. mars.

**Gylfi Gígja**, Unufelli 15, Reykjavík, lést laugardaginn 26. mars.

**Hannes Alfonsson**, blikksmiður, Hamraborg 30a, Kópavogi, lést laugardaginn 26. mars.

**Ólafur Torfason Hjaltalín**, Hrafnistu, Reykjavík, lést laugardaginn 26. mars.

**Guðni Hansson**, tæknifræðingur, Blönduhlíð 14, Reykjavík, lést sunnudaginn 27. mars.

**Ari B. Einarsson**, Haðalandi 9, Reykjavík, lést mánudaginn 28. mars.

## JARÐARFARIR

11.00 **Einar Brandsson**, Prestastíg 11, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

11.00 **Helgi Helgason**, Vífilsstöðum, áður á Hraunteigi 5, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

13.00 **Aðalheiður K. Bjargmundardóttir**, Hæðargarði 29, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Jón Sigtryggsson**, fv. aðalbókari, Árskógum 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Jónas Þórðarson**, frá Stóru-Vatnsleysu, Lækjarhvammi 20, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.30 **Gréta Emilía Júlíusdóttir**, Helgamagrastræti 19, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Daníel G. Guðmundsson**, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Álfhólsvegi 105, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.00 **Lára Bech Þórarinsdóttir**, Kötlufelli 5, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1746** Francisco Goya, myndlistarmaður.



**1844** Paul Verlaine, ljóðskáld.



**1930** John Astin, leikari.



**1937** Warren Beatty, leikari.



**1945** Eric Clapton, tónlistarmaður.



**1962** MC Hammer, rappari.



**1964** Tracy Chapman, söngkona.



**1968** Celine Dion, söngkona.




# Voltaren Emulgel er nú **loksins fáanlegt** í næsta apóteki.

**VoltarenEmulgel®**

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

ARNARSON.TK · EMU-001-230305

**Voltaren Emulgel®** er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



**Aðal leikur kvöldsins**

**Vináttuleikur gegn Ítölum**

Íslenska landsliðið í knattspyrnu leikur vináttulandsleik gegn Ítölum í Padova í kvöld. Íslenska liðið bar sigurorð af Ítölum, 2–0, í leik liðanna á Laugardalsvelli í ágúst á síðasta ári þannig að heimamenn hafa harma að hefna.

**sport**

sport@frettabladid.is

**INGIMUNDUR INGIMUNDARSON:** ÓVÍST HVORT HANN GETI KLÁRAÐ TÍMABILIÐ MEÐ ÍR

# Mun spila meiddur í úrslitakeppninni

Landsliðsmaðurinn Ingimundur Ingimundarson, leikmaður ÍR, hefur burðast með meiðsli síðan um áramót og ljóst að hann þarf að fara í speglun hið fyrsta. Þrátt fyrir það ætlar hann að láta reyna á meiðslin og spila meiddur í úrslitakeppninni eins lengi og líkaminn leyfir.

„Liðþófinn er ekki alveg nógu góður en ég get samt spilað. Ég þarf að fara í speglun en ég ætla að reyna að spila og sjá hvað gerist,“ sagði Ingimundur en fari hann í speglun fljótlega er ljóst að hann leikur ekki meira á þessari leiktíð.

„Ég finn misjafnlega mikið fyrir meiðslunum og ég er á fullu í sjúkraþjálfun til að ná mér sem bestum. Ég vil að sjálfsögðu klára tímabilið og mun gera allt sem ég get til þess að klára tímabilið og verða meistari með ÍR.“

Brynjólfur Jónsson læknir gaf Ingimundi grænt ljós á að leika með landsliðinu um síðustu helgi og að hann yrði að finna það sjálfur hvað hann gæti leikið mikið í viðbót áður en hann færi í speglunina.

„Það á víst ekki að vera hægt að skemma liðþófann mikið meir eins og er og því er í lagi að láta vaða,“ sagði Ingimundur og hló. „Það er samt enginn vökvi í hnénu og það er góðs viti. Það er samt ekki hægt að neita því að þetta er helvíti svekkjandi,“ sagði Ingimundur, sem er í algjöru lykilhlutverki hjá ÍR og án hans minnka möguleikar ÍR á að verða meistari umtalsvert.



**> Við mælum með ...**

... að knattspyrnuáhugamenn fari inn á visi.is í kvöld og fylgist með beinni uppfærslu á vináttuleik Ítala og Íslendinga sem fram fer í Padova og hefst kl. 18.45 að íslenskum tíma. Leikurinn er ekki sýndur í íslensku sjónvarpi þannig að það er um að gera að fyrir knattspyrnuáhugamenn að fara á Vísi og fylgjast með strákunum.



**> Við hrósum ...**

... Jóni Nordal Hafsteinssyni og vörn Keflvíkinga sem hreinlega slátruðu sóknarleik ÍR í Seljaskóla í gær. Keflavík vann einvígið 3–1 og mætir öðru sterku varnarliði, Snæfelli, í úrslitum.




**RV veitir árlega rekstrarvörustyrki til íþrótta-, líknar-, félaga- og menningarsamtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt.**

Styrkirnir eru í formi úttekta á rekstrar- og fjáröflunarvörum fyrir viðkomandi félög hjá RV. Í ár verða veittir fjórir styrkir. Nánari upplýsingar á heimasíðu RV: **www.rv.is**

Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2005 og skal þeim skilað inn fyrir 29. apríl nk., bréflega, merkt: „Rekstrarvörustyrkir RV 2005“ – Rekstrarvörur, Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík; með sendingu í bréfsíma 520 6665; eða á netfangið: styrkir@rv.is. Þá er einnig hægt að sækja um á heimasíðu RV: **www.rv.is**

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

**Tilkynnt verður um val á styrkþegum 18. maí næstkomandi á heimasíðu RV**

*Rekstrarvörur eru sérhæft dreifingarfyrirtæki sem vinnur með fyrirtækjum og stofnunum að því að sinna þörfum þeirra fyrir almennar rekstrar- og hreinlætisvörur, ásamt þjónustu og ráðgjöf á því sviði. Rekstrarvörur leggja sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga.*

TUNGLIÐ RV2032

**Rekstrarvörustyrkir RV 2005**



**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Hannes byrjar gegn Ítölum

**Þrjár breytingar verða á íslenska liðinu frá því í leiknum gegn Króötum á laugardaginn en íslenska liðið mætir því ítalska í Padova í kvöld.**

**FÓTBOLTI** „Þetta byrjaði rosalega vel undir stjórn Ásgeirs og Loga. Við unnum þrjá fyrstu leikina, fengum reyndar skell í vináttuleik gegn Englandi en unnum svo Ítalíu í frábærum leik og allt virtist á flugi fyrir HM. En svo komu þessir skellir á móti Búlgaríu og Ungverjalandi í riðlakeppninni, eftir það hrundi sjálfstraustið og það hefur reynst afskaplega erfitt að vinna sig út úr því,“ sagði Hermann Hreiðarsson landsliðsfyrirliði við Fréttablaðið eftir æfingu í Padova á Ítalíu í gærkvöld.

Þegar er búið að selja 20 þúsund miða á vináttulandsleik Ítalíu og Íslands og búist við um 25 þúsund manns í leikvanginum, sem er frekar nýlegur, tekur um 30 þúsund manns. Padova leikur í Serie C en þetta er fyrsti landsleikurinn í borginni í 80 ár. Þrátt fyrir að íslenska liðið hafi fengið á sig fjögur mörk gegn Króatíu á laugardaginn ætla landsliðsþjálfararnir að notast við sama leikkerfi.

„Leikskipulagið okkar gekk upp í meginatriðum gegn Króatíu. Við fórum í gegnum hvernig við eigum að verjast betur í horn- og aukaspyrnum á æfingunni hér áðan og nú vitum við betur hvað við þurfum að gera, við þurfum einfaldlega að vera grimmari maður á móti manni,“ sagði Brynjar Björn Gunnarsson við Fréttablaðið.

Þrír byrjunarliðsmenn duttu út vegna meiðsla og kemur meðal annars einn nýliði í þeirra stað. Liðið verður þannig skipað (4-2-3-1): Árni Gautur Arason í markinu, Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason, Hermann Hreiðarsson og Indriði Sigurðsson. Aftastir á miðjunni verða Pétur Marteinsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Gylfi Einarsson verður fremstur á miðjunni, Bjarni Guðjónsson kemur inn fyrir Jóhannes Karl bróður sinn og Grétar Rafn Steinsson byrjar inni á fyrir Arnar Þór Viðarsson. Þá byrjar nýliðinn Hannes Þ. Sigurðsson í fremstu víglínu fyrir Heiðar Helguson en Hannes hefur spilað feikilega vel fyrir U21 árs liðið og skorað meðal annars tvær þrennur. Allir leikmenn íslenska liðsins fá að spreyta sig í leiknum og því ljóst að fjórir nýliðar koma við sögu.

„Ég lít á það þannig að nú hefjist undirbúningur fyrir næstu keppni og við notum þessa leiki sem eftir eru á þessu ári fyrir hana. Við þurfum líka að ná okkur í stig til þess að ná sem bestu sæti í riðlakeppni HM svo við föllum ekki um styrkleikaflokk. Það verður ekkert vandamál að gíra upp í þennan leik gegn Ítalíu því það er alltaf heiður að spila með landsliðinu,“ sagði Hermann Hreiðarsson.

Ítalía spilar 4-3-3 gegn Íslandi og aðeins Marco Materazzi, varnarmaður Inter, er eftir af byrjunarliðinu frá leiknum gegn Skotum um helgina sem Ítalía vann 2-0. Ítalska dagblaðið La Gazzetta dello Sport eyðir opnu undir landsleikinn í gær þar sem því er slegið upp að fimm leikmenn Sikileyjarliðsins Palermo verði líklega í byrjunarliði Ítalíu. Þá muni þetta B-lið Ítalíu selja sig dýrt því þarna eru leikmenn sem vilja sanna sig fyrir landsliðsþjálfaranum Marcello Lippi. **thorsteinn.gunnarsson@365.is**



**FRAMTÍÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS** Ungu mennirnir í íslenska landsliðinu í knattspyrnu; Hannes Þ. Sigurðsson, Ólafur Ingi Skúlason, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Emil Hallfreðsson og Kári Árnason, stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins í Padova í gær. Ólafur Ingi er sá eini þeirra sem leikið hefur A-landsleik áður. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI






Keflavík og Snæfell mætast í úrslitum karlakörfunnar:

# Nýtt sláturhús í Seljaskóla

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar gjörsigruðu ÍR-inga með 25 stigum, 72–97, í fjórða leik liðanna í undanúrslitum Intersportdeildarinnar í Seljaskóla í gær og unnu því báða útileiki sína í einvíginu afar sannfærandi. Keflavík skoraði 25 stig gegn einu í seinni hluta annars leikhluta og gekk um leið frá leiknum, sem varð nánast formsatriði í seinni hálfleik eftir að Keflavík vann þann fyrri með 27 stiga mun, 24–51.

Gunnar Einarsson, fyrirliði Keflvíkinga, var brattur í leikslok. „Við skelltum hreinlega í lás á þá í öðrum leikhlutanum og þeir voru í vandræðum með að koma boltanum í leik. Ég hélt að þetta væri orðið gott þegar við vorum komnir með sex stopp á þá í röð, en þetta hélt bara áfram og þá kom auðvitað sóknarleikurinn í kjölfarið,“ sagði Gunnar, sem hrósaði ÍR-ingum fyrir góða frammistöðu og er bjartsýnn á að mæta Snæfellingum í úrslitunum. „Nú er bara að fara heim til Keflavíkur og taka Snæfell, hvort sem það verður 3-0 eða eitthvað annað,“ sagði fyrirliðinn.

Eiríkur Önundarson, fyrirliði ÍR, var að vonum daufur í dálkinn eftir leikinn. „Ég vil nú bara byrja á því að biðja alla þessa áhorfendur sem komu hérna að styðja okkur afsökunar á slakri frammistöðu okkar í dag. Við stífnuðum allir upp og það var eins og okkur skorti kjark til að klára þetta.“ **baldur@frettabladid.is**

*Intersportdeildin í körfu*

ÍR–KEFLAVÍK 72–97

**Stig ÍR:** Theo Dixon 16, Grant Davis 10 (12 frák.), Ómar Sævarss. 8, Gunnlaugur Erlendss. 8, Ólafur Þóriss. 6, Eiríkur Önundars. 6, Fannar Helgas. 6, Ólafur Sigurðss. 5 (5 stoðs.), Sveinbjörn Claessen 5, Elvar Guðmundss. 2.

**Stig Keflavíkur:** Magnús Þór Gunnarsson 20, Sverrir Þór Sverrisson 14 (17 mín.), Gunnar Stefánss. 14, Anthony Glover 14, Nick Bradford 10, Jón Nordal Hafsteinss. 6 (9 sóknarfrák, 16 mín.), Halldór Halldórss. 5, Gunnar Einarsson 5, Davíð Þór Jónsson 3, Elentínus Margeirsson 2, Arnar Freyr Jónsson 2, Sævar Sævarsson 1.

**Keflavík** vann einvígið 3–1 og mætir liði Snæfells í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn. Fyrsti leikur er á föstudaginn.



**ÚTI UM ALLT** Jón Nordal Hafsteinsson skoraði 6 stig, tók 9 sóknarfráköst og stal 4 boltum á aðeins 16 mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

27 28 29 **30** 31 1 2

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** mætast í Keflavík í fyrsta leik lokaúrslita 1. deildar kvenna í körfubolta.
- 19.15 **FH** og **Víkingur** mætast í Kaplakrika í fyrri umspilsleik um sæti í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 18.35 **HM 2006** á Sýn. Bein útsending frá leik **Englands** og **Aserbaídsjans** í 6. riðli undankeppni HM 2006 í fótbolta.
- 21.30 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 22.40 **Formúla 1** á RÚV.



**ER HÆGT AÐ STOPPA RITU?** Grindavík hefur unnið alla þrjá leiki sína með Ritu Williams innanborðs.

Úrslit kvennakörfunnar:

# Hvað gerir Rita gegn Keflavík?

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitil kvenna í körfubolta hefjast í kvöld þegar deildarmeistarar Keflavíkur taka á móti Grindavík á Sunnubrautinni í Keflavík. Keflavík hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn tvö síðustu ár og er liðið taplaust í lokaúrslitunum bæði árin. Grindavík hefur heldur ekki tapað leik í lokaúrslitnum því liðið vann alla þrjá úrslitaleikina um titilinn gegn KR árið 1997 eina skiptið sem félagið hefur komist svo langt í úrslitakeppninni áður. Grindavíkurliðið teflir nú fram WNBA-stjörnunni Ritu Williams og hefur hún komið með nýtt blóð í liðið, sem hefur unnið alla þrjá leiki sína með hana innanborðs. Þessi snjalli bakvörður hefur sýnt mikla leiðtogahæfileika auk þess að bjóða upp á mikla skotsýningu í síðustu tveimur leikjum.

Keflavík vann fjóra af fimm leikjum liðanna í vetur og hefur aðeins tapað einum af 14 heimaleikjum sínum í vetur en þurfti hins vegar þrjá leiki til þess að slá ÍS út úr undanúrslitunum á sama tíma og Grindavík vann báða leiki sína gegn Haukum. Rita Williams skoraði 34 stig að meðaltali og hitti úr 13 af 20 (65%) þriggja stiga skotum sínum í einvíginu gegn Haukum og hefur fengið rúma viku til viðbótar til að komast í betra form. Bæði lið hafa góða erlenda leikmenn og marga reynda leikmenn og því má búast við skemmtilegu einvígi um Íslandsmeistaratitilinn í ár. ■

# Góð frammistaða en þið fáið ekki stig fyrir hana



**UTAN VALLAR**
VÆNTINGAR TIL ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í KNATTSPYRNU

**ÞORSTEINN GUNNARSSON**
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Við urðum næstum því heimsmeistarar 18. ágúst síðastliðinn. Við sigruðum þrefalda heimsmeistara Ítalíu á Laugardalsvelli 2-0. Fyrsti leikur snillingsins Marcello Lippi með stjörnum prýtt ítalskt landslið tapaðist. Aðsóknarmetið var slegið. Þvílík stemmning, magnaður leikur, þvílík frammistaða hjá íslenska liðinu í logni og sól á Laugardalsvelli.

„Úrslitin skiptu engu máli, þetta var bara æfingaleikur," sagði Lippi og kveikti sér í vindli og tók lífinu með stóískri ró. Íslenska þjóðin var hins vegar að fara á límingunum. Nú lá leiðin á HM 2006 í Þýskalandi. HM-riðillinn var draumi líkastur, kannski einhver smá Svíagrýla í gangi. Malta, jú bara grín. Búlgaría og Ungverjaland, geta þessar þjóðir nokkuð? Króatar, jú þeir geta ekkert á útivelli.

„Ég er vanur því að tapa fyrsta leiknum með nýju liði," sagði Lippi eftir leikinn á Laugardalsvellinum og kveikti sér í öðrum vindli. Logi og Ásgeir reyndu að berja skýjaborgirnar niður á Íslandi. Formaðurinn náði að slá vallarmetið. Hvaða lið var aftur næst á dagskrá? Er ekki reksturinn í góðu lagi?

Væntingavísitalan var komin í botn. En svo kom að alvörunni. Það var á tali hjá Búlgaríu. Það reyndist ekki nóg að kaupa búlgarska símann. Það gleymdist að gera ráð fyrir þessum Berbatov, sögðu sérfræðingarnir. Var hann ekki markakóngur í Þýskalandi? Næst var það Ungverjaland. Þá var markvörðurinn okkar ekki í stuði. Malta var algjört kex. Svíagrýlan snarversnaði. Engir æfingaleikir fengust í mars, engin þarfagreining. Og nú síðast Króatía. Ný taktík, sami mannskapur, sama niðurstaða. Það er líka hægt að skora úr aukaspyrnum. Eitt stig, fimm leikir. Við vorum ekki næstum því heimsmeistarar lengur. Nema kannski miðað við höfðatölu.

„Alvaran byrjar í næsta leik, þá hefst undankeppni HM," sagði Lippi og drap í rettunni undir stúkunni í Laugardal. Enginn Þorgrímur Þráinsson sjáanlegur. Lippi keypti sér hlutabréf í vindlapökkunarverksmiðju, byggði upp landsliðið í rólegheitum og er nú á leiðinni á HM, búinn að vinna fjóra leiki en tapa einum.

„Góð frammistaða hjá Íslendingum í kvöld, þið fáið bara ekki stig fyrir hana," sagði Lippi á fallegu sumarkvöldi í Reykjavík og glotti og bætti við: „Bara fyrir alvöru landsleik."

thorsteinn.gunnarsson@365.is





| Gerð | Vél | Hestöfl | Verð |
|---|---|---|---|
| 116i | 1,6 | 115 | 2.340.000 |
| 118i | 2,0 | 129 | 2.530.000 |
| 120i | 2,0 | 150 | 2.730.000 |
| 118d | 2,0 | 122 | 2.610.000 |
| 120d | 2,0 | 163 | 2.820.000 |

**1 línan staðalbúnaður m.a.**
DSC stöðugleikastýring
DTC spyrnustýring
ABS aflhemlar með CBC og DBC
Aksturstölva
ipod tengi
Starthnappur
5 eða 6 gírar
Runflat öryggisdekk

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 sími 575 1200 www.bl.is




DYNAPAC

Traustur tækjabúnaður



Víbratorar og dælur
Jarðvegsþjöppur
Malbikunarvélar
Fræsarar

KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is





# Vertu í takt við nýjan tíma

**Sumarmilljónirnar eru fyrr á ferðinni**

Nú er kominn sumartími í Evrópu þannig að útdrátturinn í Víkingalottóinu færist fram um eina klukkustund. Á sama hátt er sölukössum lokað klukkutíma fyrr eða kl. 16.00.

**Vertu í takt við nýja tímann svo þú missir ekki af vinningi!**

Vertu með fyrir kl. 16.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!


## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Alveg er þetta týpískt!!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ER ORÐIN ÞREYTT Á SVARTSÝNINNI.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég held að uppáhaldsorð okkar Íslendinga sé orðið „týpískt“. Ég skrapp til Köben um páskana. Þegar ég fór þangað var kalt hérna heima. Ég kom til Köben og það var ennþá kaldara þar, mér til mikillar armæðu. Helgina á undan hins vegar hafði verið sól og blíða í Köben. Móðir mín bjallaði svo í mig og tjáði mér það hversu frrrrrábært veðrið væri heima. Þau voru bara búin að vera í göngutúr í blíðunni og allt svona líka yndislegt. TÝPÍSKT! Ég fussaði og sveiaði og fannst þetta svo hrikalega týpískt fyrir mig að ég átti ekki til orð.

Í sumar ferðuðumst við tvær vinkonur um Evrópu og það skipti engu máli hvert við komum, alls staðar var íslenskt veður. Alveg fannst okkur þetta TÝPÍSKT fyrir okkur. Og þetta virðist svo vera eitthvað íslenskt fyrirbæri því í hvert skipti sem maður hittir Íslendinga sem hafa fengið slæmt veður í útlöndum þá hrópa þau á mann: „Finnst þér þetta ekki týpískt?!!!“ Jú, maður samþykkir það og segir svo eitt stykki týpíska sögu af óheppni manns sjálfs.

Hvaða svartsýni og leiðindahugsunarháttur er þetta? Er einhver önnur þjóð sem nöldrar jafn mikið yfir veðrinu og óheppni sinni og Íslendingar? Erum við orðin svona bitur yfir kulda og strekkingi sem hrjáir okkur ósjaldan að við erum einfaldlega orðin hundleiðinlegir nöldrarar sem þola ekki smá mótvind? Ég segi að við förum að höndla öll þessi „týpísku“ atvik á bjartsýnan og fallegan hátt. Þegar vonda veðrið eltir okkur til útlanda skulum við frekar hugsa: „Hei, þetta er bara alveg eins og heima! En fyndið!“ eða snúa andlitinu beint á móti vindinum og öskra: „Sæll kæri vinur! Takk fyrir síðast!! Sjáumst heima á Íslandi!!!! Jess!!“ ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott





**HÖNNUNARKEPPNI HENSON** Tæplega sjö hundruð manns tóku þátt í hönnunarkeppni Henson.

# Úrslit hjá Henson

Úrslit í hönnunarkeppni Henson fara fram í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Rúmlega 690 einstaklingar tóku þátt í keppninni en alls bárust 2.783 tillögur í keppnina.

Hátíðin hefst í dag klukkan 17.30 þegar hljómsveitin 6 í jazz leikur. Síðan tekur danshópur Yesmin Olsson við áður en úrslitin sjálf verða kynnt. Dómnefnd Henson skipa: Linda Árnadóttir, umsjónarmaður fatahönnunardeildar Listaháskólans, Svava Johansen, framkvæmdastjóri NTC, Erpur Eyvindarson fjöllistamaður, Birgitta Haukdal söngkona og Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Henson.

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. ■



**CELINE DION** Hún segir áhorfendur á sýningum sínum í Vegas vera allt öðruvísi en þá sem vanalega mæta á tónleika hennar.

# Drukknir áhorfendur

Celine Dion segir áhorfendur Las Vegas sýningar hennar oft vera þreytta, fulla, veika og í sumum tilfellum sofandi. Hún segir breytinguna á sýningum sínum eftir að hún fór að koma fram í Vegas vera þá að nú spili hún sjaldnar fyrir aðdáendur sína. Nýjasta sýning hennar, A New Day, hefur nýlega hafið göngu sína.

„Þegar ég byrjaði í Vegas sagði ég við sjálfa mig að ég skyldi ekki búast við neinu. Annars yrði ég bara fyrir vonbrigðum. Þannig hef ég alltaf verið. Sem listamaður verð ég að sætta mig við að það er allt öðruvísi fyrir fólk að fara á tónleika hér í bæ. Fólk kemur hingað í svona fjóra daga, borðar of mikið, drekkur of mikið og verður veikt. Það þjáist allt af ferðaþreytu og stundum situr það bara og sefur. Sem skemmtikraftur verð ég að búa mig undir hvað sem er þegar kemur að áhorfendunum. Þetta er öðruvísi á tónleikaferðalögum, því þá kemur fólk til þess að sjá mig syngja. Þá hefur fólk keypt miðana fyrir löngu síðan. Hérna fer fólk í miðasöluna klukkutíma fyrir og kaupir miða. Þetta eru allt aðrir áhorfendur hér í Vegas," segir söngkonan fræga. ■

## LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu í blaðinu í gær að vitlaust var farið með nafn Katrínar Stellu Briem Friðriksdóttur sem var meðal gesta á tónleikum Stuðmanna í Royal Albert Hall á skírdag. Er Katrín Stella beðin velvirðingar á mistökunum.













## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 4-5.40-8-10.20 | |
| MISS CONGENIALITY 2 VIP | KL. 5.40-8-10.20 | |
| THE RING TWO | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| LIFE AQUATIC | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 12 ára |
| CONSTANTINE | KL. 8-10.20 | B.I. 16 ára |
| WHITE NOISE | KL. 8.15-10.20 | B.I. 16 ára |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN | KL. 4-6.20 | |
| LEMONY SNICKETT´S | KL. 4-6 | |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 8-10 | |
| THE RING TWO | KL. 8-10.15 | 16 ára |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 8-10 | |
| THE RING TWO | KL. 8-10.20 | 16 ára |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 6-8.15-10.30 | |
| THE RING TWO | KL. 6-8.15-10.30 | 16 ára |
| COACH CARTER | KL. 5.30-8-10.30 | 12 ára |

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 · KRINGLAN 588 0800 · AKUREYRI 461 4666 · KEFLAVÍK 421 1170

## Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 5.40-8-10.20 | |
| LIFE AQUATIC | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 12 ára |
| PHANTOM OF THE OPERA | KL. 5.30-8 | B.I. 10 ára |
| MILLION DOLLAR BABY | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 14 ára |
| THE AVIATOR | Kl. 10 | B.I. 12 ára |
| RAY | KL. 10.30 | B.I. 12 ára |
| LES CHORISTES | KL. 6-8 | |

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is


MÁL MICHAELS JACKSON

# Gömul mál dregin fram

Saksóknarar í dómsmáli Michaels Jackson hafa fengið leyfi til að fjalla um gamlar ásakanir á hendur popparanum vegna kynferðislegrar misnotkunar sem ekki leiddu til þess að hann var ákærður. Leyfið er talið mikil lyftistöng fyrir saksóknarana.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er í slæmum málum um þessar mundir.

Jackson var á sínum tíma sakaður um að hafa misnotað fimm unga drengi, þar á meðal leikarann Macaulay Culkin. Tveir drengjanna fengu borgaða tugi milljóna króna fyrir að hætta við að höfða gegn honum mál. ■


# BÍÓTILBOÐ

Frá kl. 8 til 11 á kvöldin

McOstborgari + McSjeik miðstærð



399 kr.

i'm lovin' it




AUKIN ÖKURÉTTINDI

# Meiraprófið breytist!

Lækkað verð aðeins kr. 115.000,-
Leigubifreið, Vörubifreið, Hópbifreið

Næsta námskeið hefst 30. mars

Nú styttist í fyrirhugaðar breytingar á meiraprófinu sem gerir það bæði erfiðara og dýrara. Búast má við a.m.k. 60-80% hækkun á verði en breytingin tekur gildi fljótlega. Notaðu tækifærið og taktu meiraprófið núna því nú fer hver að verða síðastur. Hafðu samband við okkur ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þessar breytingar.

Skráðu þig núna!
Símar 581 2780, 892 4124 og 822 2908

Taktu gamla meiraprófið á gamla verðinu!



ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 2780
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ






# VIÐ TÆKIÐ

## Nýtt líf hjá Hemma Gunn

**FREY GÍGJU GUNNARSSYNI** FINNST NOTALEGT AÐ HAFA HEMMA AFTUR Á SKJÁNUM HJÁ SÉR

Ég kveikti kvíðinn, spenntur og áhyggjufullur á Stöð 2 á föstudaginn. Ástæðan var sú að einn ástsælasti sjónvarpsmaður landsins var að snúa aftur á skjáinn með eigin skemmtiþátt. Á tali með Hemma Gunn var einhver vinsælasti sjónvarpsþáttur níunda áratugarins og ástæðan einföld, fáum hefur tekist jafn vel upp að stjórna skemmtiþætti og Hemma.
Eftir að Á tali hætti hvarf Hemmi nánast af sjónvarsviðinu. Kom síðan aftur og reyndi fyrir sér í sjónvarpinu, meðal annars í knattspyrnulýsingum. Tókst nánast að eyðileggja fyrir mér Suður-Ameríkubikarinn. Annað sem Hemmi gerði fór framhjá mér eða í taugarnar á mér. Gat það verið að Hemmi hefði sungið sitt síðasta?
Það er hins vegar með Hemma eins og íslenska landsliðið í fótbolta. Ég er alltaf tilbúinn að gefa því eitt tækifæri enn. Sama hversu illa hefur gengið. Kannski er það vegna þess að Hemmi er Íslendingurinn holdi klæddur.Verðskuldar þetta eina tækifæri enn.
Ég varð því hálf hræddur þegar stefið hljómaði og þátturinn byrjaði. Skyldi honum takast að slá aftur í gegn ? Eða myndi ég skipta um stöð og hlýja mér við minninguna um gamla Hemma? Rétt eins og ég gerði á laugardaginn þegar landsliðið var burstað í Króatíu. Huggaði mig við 1-1 jafnteflið gegn Frökkum á Laugardagsvellinum. En viti menn. Hemmi fann fjölina sína aftur svo um munaði. Fáir eru eins viðkunnanlegir, eðlilegir, mannlegir og skemmtilegir fyrir framan myndavélarnar og Hemmi Gunn. Það er því notalegt að hugsa til þess að hann er farinn að gera það sem hann gerir best, skemmta okkur með því að vera hinn eini sanni Hemmi Gunn.



**ÞAÐ VAR LAGIÐ** Hemmi Gunn sneri aftur á skjáinn á föstudaginn og stjórnaði skemmtiþættinum Það var lagið með miklum glæsibrag.



**20.00** *Spenna*

**ER. Bráðavaktin var í dvala á meðan Gettu betur stóð yfir en er nú komin aftur.**



**21.20** *Gaman*

**William and Mary. Hann er útfararstjóri og hún ljósmóðir og þau ná saman á furðulegan hátt.**



**21.00** *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Tyra Banks leitar að ofurfyrirsætu og þarf að reka eina heim í kvöld.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (14:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (26:42)

**18.30 Líló og Stitch (25:28)** (Lilo & Stitch)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Bráðavaktin (18:22)** (ER)
**20.45 Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins. Umsjónarmenn eru Kristján Ingi Gunnarsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Þóra Tómasdóttir og um dagskrárgerð sjá Helgi Jóhannesson og Elísabet Linda Þórðardóttir.
**21.15 Regnhlífarnar í New York (10:10)** Þáttaröð um bækur í öllum regnbogans litum:
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Formúla 1** Hitað upp fyrir kappaksturinn í Barein um helgina. Umsjónarmaður er Gunnlaugur Rögnvaldsson.

**23.05** Skíðamót Íslands **23.25** Mósaík **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Two and a Half Men (e) **13.25** The Osbournes (e) **13.50** Whose Line is it Anyway **14.15** Life Begins (e) **15.05** Summerland (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30 Medium (3:16)** (Miðillinn)
**21.20 William and Mary (3:6)** (William and Mary 2)
**22.10 Oprah Winfrey** (Robert Downey Jr.'s Brand New Life)
**22.55 Waiting to Exhale** (Vinkonur í blíðu og stríðu) Vinkonurnar Savannah, Bernadine, Robin og Gloria bíða eftir að finna hinn eina rétta – „prinsinn á hvíta hestinum". Ástin hefur leikið þær heldur grátt því karlarnir sem þær kynnast eru annaðhvort giftir eða skíthælar nema hvort tveggja sé. Einhvern tímann hlýtur þó úr að rætast. Aðalhlutverk: Whitney Houston, Angela Bassett, Lela Rochon, Loretta Devine. Leikstjóri: Forest Whitaker. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.55** The Big Fix (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Ísland í bítið **4.15** Fréttir og Ísland í dag **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Everybody Loves Raymond (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **8.20** The Swan (e) **9.10** Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.50** Cheers – 1. þáttaröð (22/22) **18.20** Innlit/útlit (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp.** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna.
**20.00 Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
**21.00 America's Next Top Model** Leitin að þriðju ofurfyrirsætunni er hafin og að þessu sinni keppa 14 gullfallegar stúlkur um hinn eftirsótta titil Næsta ofurfyrirsætan.
**22.00 Law & Order: SVU** Barn í fóstri deyr er illir andar eru reknir úr því. Fósturforeldrarnir eru ákærðir fyrir vanrækslu og morð.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 1. þáttaröð (22/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** About Adam (Bönnuð börnum) **8.00** Three Men and a Little Lady **10.00** The Revengers' Comedies **12.00** Guarding Tess **14.00** Leifur Eiríksson **16.00** The Revengers' Comedies **18.00** Three Men and a Little Lady **20.00** Guarding Tess **22.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **0.00** I Spy (BB) **2.00** About Adam (BB) **4.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde

### OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie F. **12.30** Dr. David **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Vatnaskil **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Sherwood C. **17.30** Maríusystur **18.00** Joyce M. **18.30** Ron P. **19.00** Daglegur styrkur **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó. Van Wilder – Party Liaison **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Snooker: China Open **14.00** Table Tennis: European Championship Denmark **15.00** Olympic Games: Olympic Magazine **15.30** Golf: the European Tour Indonesia Open **16.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour the Players Championship **17.00** Table Tennis: European Championship Denmark **19.30** Equestrianism: World Cup Göteborg Sweden **20.30** All Sports: Wednesday Selection **20.45** News: Eurosportnews Report **21.00** Football: World Cup Germany **23.00** Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**
**12.00** Spelling With the Spellits **12.20** Friends International **12.30** Teletubbies **12.55** Tweenies **13.15** Fimbles **13.35** Bill and Ben **13.45** The Story Makers **14.05** The Really Wild Show **14.30** The Weakest Link **15.15** Big Strong Boys **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Charlie and the Duchess **21.00** Death in Holy Orders **22.30** Escape the Elephants **23.00** Masterclass

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.30** Chimp Diaries **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Marine Machines **15.00** The Mugger Crocodile **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Chimp Diaries **19.00** The Mugger Crocodile **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Marine Machines **22.00** The Mystery of Flying Enterprise **23.00** Wanted: Interpol Investigates **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Great Elephant Rescue **13.00** Journey of the Giant **14.00** Wildlife SOS **14.30** Aussie Animal Rescue **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Big Cat Diary **18.00** Great Elephant Rescue **19.00** Journey of the Giant **20.00** Emergency Vets **20.30** Hi-Tech Vets **21.00** Killing for a Living **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Vets in Practice **23.30** Emergency Vets **0.00** Great Elephant Rescue

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Machines **13.00** Weapons of War **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** 21st Century Liner **17.00** A Racing Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Rameses – the Great Pharaoh **21.00** Mummy Autopsy **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Concorde

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.00** Best of Celine **20.30** The Brat Pack Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Vegging Out **12.35** Crime Stories **13.30** What Men Want **14.00** Cheaters **14.45** Fashion House **15.10** The Review **15.35** Arresting Design **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.45** The Review **18.15** Arresting Design **18.40** The Roseanne Show **19.25** Cheaters **20.10** Hotter Sex **21.00** Spicy Sex Files **21.50** Men on Women **22.15** Sextacy **23.10** Staying in Style **23.40** Cheaters

**E! ENTERTAINMENT**
**12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** E! Entertainment Specials **15.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** The Soup **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** The E! True Hollywood Story **22.00** 101 Most Starlicious Makeovers **23.00** The Soup **23.30** Behind the Scenes

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** For Better or for Worse **13.35** Romantic Comedy **15.15** Gaily, Gaily **17.00** That Splendid November **18.30** Safari 3000 **20.00** Cohen and Tate **21.25** Hard Bodies 2 **22.55** The First Power **0.35** Silent Victim

**TCM**
**19.00** Demon Seed **20.35** The Road Builder **22.15** Hit Man **23.45** The Strip **1.10** The Unholy Three **2.20** The Walking Stick

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## FÓLK – MEÐ SIRRÝ

*SKJÁREINN* **kl. 20.00**

### *Ekkert verður aftur eins og var*

***Þátturinn er sendur út beint á Útvarpi Sögu og á vefsjónvarpi Skjás eins, s1.is***

Í kvöld ræðir Sigríður Arnardóttir við Steinunni, unga konu sem var með stóra fjölskyldu, ræktaði hunda og lífið lék við hana þegar „Fólk – með Sirrý“ heimsótti stórfjölskylduna árið 2003. En líf hennar hefur breyst ótrúlega mikið á þessu rúma ári sem hefur liðið. Heilablóðfall kom eins og þruma úr heiðskíru lofti og ekkert verður aftur eins og það var. Steinunn kemur í beina útsendingu í kvöld og ræðir um lífið. Hún er bjartsýn og þakklát en hún er með skilaboð til okkar hinna sem göngum hraust til vinnu hvern dag.



Sigríður Arnardóttir, Sirrý.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Other houses have M&M's, we stock up with Smarties. It's like living at the duty free-shop at Heathrow.“**

**Svar:** Melanie McGowan úr kvikmyndinni How to Kill Your Neighbor's Dog frá árinu 2000.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Róbert Marshall. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegu nótunum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af draumum

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Michael Franti & Spearhead **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00**Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.35** *Íþróttir*

**Undankeppni HM. Bein útsending frá leik Englands og Aserbaídsjan í sjötta riðli.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.50** David Letterman

**18.35 HM 2006** (England – Aserbaídsjan) Bein útsending frá leik Englands og Aserbaídsjans í 6. riðli undankeppninnar.

**20.40 Bestu bikarmörkin** (History Of England)

**21.30 UEFA Champions League** Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.

**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** World Series of Poker

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** I Bet You Will **19.30** Tvíhöfði (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Ren & Stimpy 2 **21.30** Animatrix **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

**HALLMARK**

**12.45** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771 **14.15** The Lost Child **16.00** Touched By An Angel II **17.00** Reason For Living: The Jill Ireland Story **18.30** Jessica **20.15** Taggart: Murder in Season **22.30** Jessica **0.15** Reason For Living: The Jill Ireland Story **1.45** Taggart: Murder in Season

**BBC FOOD**

**12.00** Antonio Carluccio's Italian Feast **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Soul Food **13.30** Kitchen Takeover **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** John Cleese's Wine for the Confused **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Italian Kitchen **16.30** Rocco's Dolce Vita **17.00** The Naked Chef **17.30** Dinner in a Box **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Soul Food **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Friends for Dinner **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**13.05** Moder Valeria **13.20** Mit ¢mme punkt **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Trolddomsæsken **15.30** Junior **16.00** Det, der med b¢rn **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** Den sorte enke **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.40** HåndboldOnsdag **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Arbejdsliv – når stress knækker sjælen **22.00** Boogie

**SV1**

**12.25** Innocence **14.00** Rapport **14.05** Familjen Anderson **14.30** Rödvinsgenerationen **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Mitt i naturen **19.00** Sexy Beast **20.25** Cirkeln som slutade läsa **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Saltön **22.15** Oskyldigt dömd **23.55** Sändningar från SVT24





Smáralind
Sími : 545 1550
Glæsibæ
Sími : 545 1500
Kringlunni
Sími : 545 5100

Vorlínan er komin

ÚTILÍF



## HRÓSIÐ

*...fær Hemmi Gunn fyrir að vera alltaf hress.*

# 3 SPURÐIR

HVAÐ FINNST ÞÉR UM AÐ BOBBY FISCHER SÉ ORÐINN ÍSLENDINGUR?

**Kom okkur á kortið**

Mér finnst það bara allt í lagi. Ekkert að því. Hefur hann ekki hagað sér ágætlega síðan? Hann setti okkur náttúrlega á kortið á sínum tíma. Þess vegna er bara ekkert að þessu finnst mér. Við erum svo búin að ná honum úr fangelsi og allt það vesen svo ætli sé ekki í lagi þó að hann dvelji hérlendis?



*Ragnar Bjarnason söngvari.*

**Ekkert að því**

Mér líst nú bara ágætlega á það. Er ekki í góðu lagi að maðurinn dvelji hér á landi? Hann er ansi sérstök týpa og hefur sínar skoðanir og hugsanir fyrir sig. Mér finnst ekkert að því þótt hann búi hér á landi. Hann er eflaust hinn vænsti kall.



*Sigríður Beinteinsdóttir, söngkona og Idol-dómari.*

**Vona að hann nái fullum bata**

Mér finnst bara ágætt að þjóðin geti komið einhverjum manni til bjargar. Það er ótrúlegt að bandarískir fjölmiðlar séu að býsnast yfir ummælum hans þegar margir menn hafa ýmislegt alvarlegra á samviskunni. Ég vona bara að Fischer nái fullum bata og verði rólegur á sálinni hérna.



*Stefán Pálsson, dómari í Gettu betur.*



**Lárétt:**
1 kjökra, 5 borða, 6 öfug röð, 7 sólguð, 8 fugl, 9 rór, 10 leikfélag borgarinnar, 12 iðn, 13 ílát, 15 átt, 16 blóðsuga, 18 óski.

**Lóðrétt:**
1 heimurinn, 2 pota, 3 tónn, 4 frelsaði, 6 helgirit, 8 meðal, 11 álygar, 14 rá, 17 rykkorn.

**Lausn:**
**Lárétt:** **1** vola, **5** eta, **6** kj, **7** ra, **8** lóa, **9** kyrr, **10** lr, **12** fag, **13** dós, **15** na, **16** igla, 18 árni.
**Lóðrétt:** **1** veröldin, **2** ota, **3** la, **4** bjargaði, **6** kóran, **8** lyf, **11** róg, **14** slá, **17** ar.






**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR ÁSAMT KETTINUM HRAFNKELI** Kvaddi Stuðmenn í bili á tónleikum í Royal Albert Hall. Hún snýr sér að öðrum verkefnum.

RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR: GEFUR STUÐMANNALÍFINU FRÍ

# Get ekki verið alls staðar

Ragnhildur Gísladóttir er komin í ótímabundið frí frá Stuðmannalífinu og ætlar að einbeita sér að öðru. Síðustu tónleikar Ragnhildar með Stuðmönnum voru í Royal Albert Hall í Lundúnum á fimmtudaginn var.

„Ég get ekki verið alls staðar," segir Ragnhildur enda kostar það mikla vinnu og tíma að vera Stuðmaður. „Maður hefur eiginlega ekki tíma fyrir neitt annað."

Ragnhildur tekur þó skýrt fram að hún segi skilið við hljómsveitina í góðu og þetta hafi ekki verið neitt sem hafi komið sveitarmeðlimum á óvart. Strákarnir muni starfa áfram enda segir Ragnhildur fáum hljómsveitum hafa tekist að vera jafn skapandi jafn lengi og raun ber vitni. „Það eru ekki margar hljómsveitir sem hittast einu sinni til tvisvar í viku, æfa reglulega og semja. Þetta hafa Stuðmenn gert allan þann tíma sem ég hef verið í sveitinni."

Hún er þó ekkert á leiðinni í einhverja afslöppun og er með mörg járn í eldinum. „Ég á mjög erfitt með að taka það rólega og verð eiginlega að vera með allt á fullu," segir hún og hlær. „Ég er að vinna að verkefni fyrir Listahátíðina í Reykjavík sem meðal annars Sjón kemur að auk annarra tónlistarmanna, þar á meðal japanska slagverksleikarans Stomu Yamash'ta," segir Ragnhildur og þá ætlar hún að taka upp eigin tónlist í sumar. Enn fremur segist Ragnhildur hafa hugsað sér að fara í nám. „Ég ætla þó ekkert að segja hvað það er eða hvar enda ekkert komið á hreint í þeim efnum," segir hún.

Þetta langa og farsæla tímabil með Stuðmönnum hófst árið 1984. Ragnhildur segir tímann með Stuðmönnum hafa verið frábæran og það hafi verið ótrúlegt að geta kvatt þá, í bili að minnsta kosti, með tónleikum í Royal Albert Hall. Ragnhildur viðurkennir þó að sumt verði örugglega skrítið. „Að sjá sveitina, eftir rúmlega tveggja áratuga samstarf, og vera ekki sjálf á sviðinu verður mjög undarlegt," segir Ragnhildur sem er þó augljóslega spennt fyrir nýjum tímum án Stuðmanna.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sælgætisframleiðandinn **Helgi Vilhjálmsson**, sem oftast er kenndur við Góu, lét sérútbúa myndarlegt páskaegg handa skáksnillingnum **Bobby Fischer** og vildi með því bjóða kappann velkominn til landsins. Í stað hins hefðbundna páskaunga tróndi forláta taflmaður, hvítur kóngur, á toppi eggsins sem Helgi kom í hendur blaðamannanna **Eiríks Jónssonar** og **Reynis Traustasonar** sem fara saman á kostum í laugardagsmorgunþætti Talstöðvarinnar.





Þeir félagar freistuðust til að opna eggið í beinni útsendingu til þess að forvitnast um hvaða málshátt Helgi hefði komið fyrir í egginu. Sælgætisfyllingin gerði þeim erfitt fyrir og að lokum þurftu þeir að mölbrjóta eggið til að ná miðanum sem á stóð: „Skynsamir menn skipta um skoðun, fíflin aldrei". Þetta eru vissulega orð í tíma töluð og Fischer væri vís til að kvitta undir þau ef hann fengi leifarnar af egginu og málsháttinn í hendurnar en þegar síðast fréttist var eggið enn í höndum Eiríks og hafði rýrnað nokkuð.

Greindarvísitalan rauk upp úr öllu valdi á Hótel Borg á páskadag þegar þeir hittust yfir kaffi og tertum **Kári Stefánsson** og **Bobby Fischer**. Að sögn viðstaddra fór vel á með köppunum og það var létt yfir Fischer, sem var greinilega ekki með böggum hildar þó að páskaeggið hans væri á vergangi. **Miyoko Watai**, unnusta Fischers, sat til borðs með þeim kumpánum ásamt **Kristni Hrafnssyni** sem vinnur að gerð heimildarmyndar um Fischer ásamt félaga sínum **Friðriki Guðmundssyni**. Þess má einnig geta að kvikmyndaleikarinn **Ron Perlman** drakk kaffi við annað borð á sama tíma en blandaði ekki geði við fjóreykið. Þetta samsæti hefði óneitanlega orðið enn sögulegra ef heimsfrægur Hollywood-leikari hefði slegist í hópinn.






# Báðar eru þær innflytjendur

Natalie Wood okkar Íslendinga er fundin! Það er hún Birgitta Haukdal sem virðist eiga tvífara í stórleikkonunni heitinni. Þær eru ótrúlega svipaðar í útliti og gætu jafnvel verið systur. Natalie Wood lést í nóvember árið 1981 og ef Birgitta hefði fæðst eftir þann dag væri ástæðan fyrir því hversu líkar þær eru sennilega sú að Birgitta væri Natalie Wood endurfædd. Augnsvipurinn er ótrúlega líkur, sem og munnsvipurinn. Báðar eru Natalie og Birgitta dökkhærðar og stórglæsilegar dívur sem báðar tvær hafa helgað líf sitt skemmtanabransanum. Báðar eru þær með smágerðar varir, dökkar á hörund og með góðlegan svip. Einnig eiga þær það sameiginlegt að hafa heillað landa sína gjörsamlega upp úr skónum með persónutöfrum.

Þær eru líka báðar innflytjendur. Natalie átti rússneska foreldra sem fluttu til Ameríku og töluðu óskiljanlega ensku með rússneskum hreim. Birgitta Haukdal er fædd og uppalin á Húsavík og hver veit nema hún hafi líka talað óskiljanlega íslensku með Húsavíkurhreim fyrst þegar hún nam land í Reykjavík?

Natalie kom fram í sinni fyrstu kvikmynd aðeins fjögurra ára gömul og hélt áfram að leika í kvikmyndum til dauðadags en þá hafði hún alls leikið í 56 kvikmyndum. Hún var aðeins 43 ára gömul þegar hún var ásamt eiginmanni sínum í sumarleyfi á snekkju þeirra og drukknaði. Okkar díva á þó vafalaust fegurri örlög fyrir sér en greyið Natalie og verður syngjandi langt fram í ellina. ■





**NATALIE WOOD OG BIRGITTA HAUKDAL** Hollywood-leikkonan fræga og íslenska söngkonan eru sláandi líkar í útliti.


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Klæjar þig í tærnar?
Gætu það verið fótsveppir?
LAMISIL®
TERBINAFINE
...einu sinni á dag í eina viku drepur fótsveppinn
Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.
15 g gel
LAMISIL® GEL
TERBINAFIN.
LAMISIL®
TERBINAFIN. HYDROCHLORID
LAMISIL® 1%
Creme
TERBINAFIN. HYDROCHLORID

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Veldu ódýrt bensín +ávinning!

Kvittun fylgir ávinningur!

ego

Meira fyrir peninginn



BAKÞANKAR

SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

# Dugmiklir ráðamenn

Ráðamenn þjóðarinnar hafa síðustu daga og munu næstu daga horfa á afleiðingar gerða sinna. Þingheimur hefur sjaldan verið jafn sammála og þegar samþykkt var að gera Bobby Fischer að Íslendingi. Það er ekki oft sem störf Alþingis vekja heimsathygli, en það gerðu þau nú. Það eru fleiri mál ráðamanna sem vekja athygli út fyrir landsteinana. Ákvörðunin um að slá skjaldborg flokkshagsmuna um fréttastofu Ríkisútvarpsins hefur einnig vakið athygli í hinum frjálsa heimi.

**HELST ER** að skilja að ákvörðunin um að gera Bobby Fischer að Íslendingi sé tilkomin vegna þess að hún þótti sniðug á einhverju augnabliki. Þeir sem heyrðu hrifust og boðskapurinn barst út meðal þjóðarinnar. Það er ekki síður ráðamanna að bakka með það sem þeir hafa sagt. Því var haldið áfram og ekki linnt látum fyrr en Bobby Fischer kom til Íslands undir fararstjórn fréttastjóra Stöðvar 2. Umheimurinn undrast. Bobby á betra skilið en að vera í fangelsi í Japan. Það er ekki málið, það snýst um íslenska ráðamenn og hvað þeir gera og hugsa.

**SKJALDBORG FLOKKSHAGSMUNA** á að slá um fréttastofu ríkisútvarpsins. Grímulaust. Þá skiptast stjórnmálamenn í tvo hópa, með og á móti. Þeir sem eiga að njóta breyttrar fréttastofu fagna, hinir eru á móti. Stjórnmálamönnum er sama um fólkið. Þeir hika hvergi í valdabrölti og leggja undir sig allt sem þá langar til. Bæði fréttastofur og erlenda ríkisborga þurfi að fylgja eftir sniðugum tækifærisræðum eða verja flokk og flokka fyrir fréttum af gjörðum þeirra.

**AUÐUN GEORG ÓLAFSSON** verður ekki fréttastjóri. Komi hann til starfa þiggur hann stöðuna – en starfið verður aldrei hans. Andúð ráðamanna á réttmætum leikreglum dugar ekki til að breyta fréttastofunni á þann veg sem þeir vilja. Á sama tíma loga illdeilur innan Landspítalans. Yfirlæknar kvarta en stjórnendur segja allt í þessu fína. Það er einn ráðherra sem talar öðruvísi en hinir. Þegar Jón Kristjánsson var spurður um skærurnar á sjúkrahúsinu sagði hann eitthvað á þessa leið: ég vil að allt verði gott. Eflaust rétt hjá honum, hinum ráðherrunum er sama, bara að þeir fái sínu framgegnt. Sem þeir fá ekki alltaf. Þeir fengu Fischer, er það ekki nóg að sinni? ■

Nýjasta tækni getur verið auðveld í rekstri
Fáðu meira út úr fyrirtækinu



Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.



Dell™ OptiPlex™ GX280 er búin Intel® Pentium® 4 örgjörva með Hyper-Threading tækni sem getur aukið vinnsluhraða um allt að 25% án nokkurra breytinga á hugbúnaði. Þú færð öflugri tölvu, sem auk þess er sérhönnuð til að vinna á stóru innraneti með lágmarksviðhaldi og hámarkshagkvæmni.

**Dell™ OptiPlex™ GX280**

Intel® Pentium® 4 örgjörvi 3.0GHz með Hyper-Threading tækni, 1MB Cache/800MHz FSB
Microsoft® Windows® XP Professional
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (2X256MB)
17" E173FP TFT flatur skjár
80GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
Intel® GMA 900 skjákort
Innbyggt Broadcom 10/100/1000 netkort

Verð 124.400,- m/vsk

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

DELL™

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone



Firestone F590 er að öllum líkindum langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið sem þér stendur til boða í sumar.

SUMAR DEKKIN

BRÆÐURNIR ORMSSON

BRIDGESTONE

Bridgestone D694 eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.






HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

LÁGMÚLA 8 · SÍMAR 530-2800 / 530-2842